HAMRABORG EHF.
BUBBI ER KOMINN
1000 KOSSA NÓTT
HAFNARSTRÆTI 7
SÍMI 456 3166

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 8. október 2003 • 40. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Vill hætta að leita að risavöxnum lausnum sem ekki eru til

– rætt við Dorothee Lubecki um bjartar horfur og blikur á lofti í vestfirskri ferðaþjónustu. Sjá miðopnu.

SAMKAUP
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Niðurstöður úr haustkönnum Hafrannsóknastofnunar liggja fyrir

Engar rækjuveiðar leyfðar í Ísafjarðardjúpi að sinni

Niðurstöður haustkönnunar Hafrannsóknastofnunar á rækjumiðunum á Vestfjörðum lágu fyrir í síðustu viku. Í ljósi þeirra verða engar veiðar leyfðar í Ísafjarðardjúpi að svo stöddu. Hins vegar er lagt til að hámarksafli í Arnarfirði í vetur verði 750 tonn.

Niðurstöðurnar eru meðal annars þær, að bæði heildarstofnvísitala og vísitala kvendýra var langt undir meðaltali í Ísafjarðardjúpi og var heildarstofnvísitalan sú lægsta í 17 ár. Mikið var um smárækju og var fjöldi 391 stykki í kg miðað við 304 stykki í kg í haustkönnun 2002. Ungfiskur og þá aðallega ungýsa var yfir viðmiðunarmörkum. Einnig var eins og undanfarna tvo vetur mikið af stærri þorski og ýsu eða svipað og veturna 1996-1999.

Talið er að þessi mikla þorskgengd hafi einkum minnkað stofnstærð rækju í Ísafjarðardjúpi. Í ljósi þessa verða engar rækjuveiðar leyfðar í Ísafjarðardjúpi nú. Ástand stofnsins verður kannað á ný í febrúar.

Í Arnarfirði var heildarstofnvísitala og vísitala kvendýra hins vegar yfir meðaltali. Stærð rækju var undir meðallagi eða 325 stykki í kg miðað við 375 stykki í kg í haustkönnun 2002. Ungfiskur var nálægt viðmiðunarmörkum en mun minna var af stærri þorski og ýsu en verið hefur undanfarna vetur eða svipað og á árunum 1988-1995. Hafrannsóknastofnun leggur til að leyfilegur hámarksafli í Arnarfirði verði 750 tonn í vetur.

Sjá nánar um ástand og horfur á bls. 5. *– hj@bb.is*


SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamenn:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: ***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106. ***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði: ***Hamraborg***, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup,*** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Stærsta netagerðarfyrirtæki landsins verður til

Netagerð Vestfjarða verður dótturfélag

Ákveðið hefur verið að sameina tvö rótgróin netagerðarfyrirtæki austan lands og norðan og jafnframt að Netagerð Vestfjarða hf. verði dótturfélag hins sameinaða félags. Við þetta verður til stærsta netagerðarfyrirtæki landsins. Fyrirtækin sem sameinast eru Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. í Neskaupstað og Neta- og veiðarfæragerðin hf. á Siglufirði og mun nýja félagið bera nafn þess fyrrnefnda.

Hampiðjan sem er meirihlutaeigandi í Netagerð Vestfjarða mun selja sameinaða félaginu hlutabréf sín í því fyrirtæki og fær greitt fyrir með hlutabréfum í hinu nýja félagi. Framkvæmdastjóri Netagerðar Vestfjarða hf. er og verður sem fyrr Magni Örvar Guðmundsson.

Stærstu hluthafar hins sameinaða félags verða Hampiðjan, Eignarhaldsfélag Austurlands, sem er í meirihlutaeigu Síldarvinnslunnar, og Jón Einar Marteinsson, sem verður framkvæmdastjóri félagsins. Jafnframt hefur Ásmundur Helgi Steindórsson viðskiptafræðingur verið ráðinn fjármálastjóri hins sameinaða fyrirtækis.



Frá netaviðgerðum við Ísafjarðarhöfn.

Félagið hyggst eiga náið samstarf við Hampiðjuna hér á landi og dótturfélög hennar, ekki síst á Írlandi, í Litháen og í Danmörku. Í því samstarfi mun félagið koma að vöruþróun grunneininga veiðarfæra og fiskeldiskvía.

Sameinað félag með dótturfélögum mun eftir sameiningunna bjóða veiðarfæraþjónustu á sex stöðum á landinu, á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og í Neskaupstað, ásamt þvottastöð fyrir fiskeldispoka á Reyðarfirði. Einnig rekur félagið gúmmíbátaþjónustu á Ísafirði og í Neskaupstað.

Að sögn Jóns Einars Marteinssonar framkvæmdastjóra er ekki fyrirhuguð nein breyting á stafsemi Netagerðar Vestfjarða hf. „Þetta verður áfram ykkar fyrirtæki hér eftir sem hingað til“, sagði Jón Einar í samtali við blaðið. Eins og áður sagði er hið sameinaða fyrirtæki stærsta netagerðarfyrirtæki landsins og sagðist Jón Einar bjartsýnn á framhaldið. *– hj@bb.is*

Rakel María á tveggja ára afmælinu sínu.

Rakel María í þriðju hjartaaðgerðina

Líðanin eins góð og við má búast

Lítil stúlka frá Þórustöðum í Önundarfirði, Rakel María Björnsdóttir, gekkst á fimmtudag í síðustu viku undir hjartaaðgerð í Boston í Bandaríkjunum, þá þriðju á ævi hennar sem þó er ekki enn orðin nema rúmlega tvö og hálft ár.

Aðgerðin þótti takast vel og líðan Rakelar er sögð eins góð og hægt er eftir svo stóra aðgerð. Foreldrar hennar eru í reglulegu sambandi við fjölskyldu og vini heima. Litla stúlkan er nú komin af gjörgæslu á almenna deild en þarf að dveljast ytra eitthvað áfram.

Rakel María er fædd 25. mars 2001. Hún fæddist með alvarlegan hjartagalla og þurfti að fara í hjartaaðgerð vestan hafs aðeins sjö vikna gömul og aðra þegar hún var nokkurra mánaða. Hún hefur staðið sig eins og hetja í veikindum sínum. Fjölskyldan dvelst í Reykjavík yfir vetrarmánuðina en var í sveitarsælunni á Þórustöðum í sumar. Lækningaferðirnar með litlu stúlkuna til Bandaríkjanna og aðgerðirnar þar eru afar kostnaðarsamar, eins og gefur að skilja, líkt og margt annað sem tengist veikindunum.

Þegar farið var með Rakel í fyrstu aðgerðina var opnaður reikningur henni og fjölskyldunni til aðstoðar í Sparisjóði Vestfirðinga. Reikningurinn er ennþá opinn fyrir þá sem vilja styðja Rakel og fjölskyldu hennar. Hér má sem oftar minnast þess, að margt smátt gerir eitt stórt. Reikningurinn er 1128-26-010700 og kennitalan er 700981-1269.

– hlynur@bb.is

Þorskeldi Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. á Nauteyri við Djúp

Veiða tífalt fleiri seiði en í fyrra

Þórarinn Ólafsson, sjávarútvegsfræðingur hjá Hraðfrysthúsinu-Gunnvöru hf., segir áformað að veiða 500 til 600 þúsund þorskseiði í haust til áframeldis í fiskeldisstöðinni á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi. Þetta er tífalt meira magn en veitt var á síðasta ári en þá voru veidd um 60 þúsund seiði.

„Í fyrra höfðum við ekki pláss til að taka við meiru. Nú er stöðin ekki lengur með bleikju í eldi og því getum við sett þorsk í öll ker. Það má segja að þetta hafi verið ágæt æfing hjá okkur í fyrra“, segir Þórarinn. Hlutafé í fiskeldisstöðinni hefur verið aukið en hana eiga nú Hraðfrystihúsið-Gunnvör, Eskja og Útgerðarfélag Akureyringa að mestu leyti. „Við erum mjög brattir og ánægðir með að fá fleiri sjávarútvegsfyrirtæki inn í verkefnið með okkur.“

Seiðaöflunin hófst í byrjun september og er Valur ÍS notaður til verksins. Þórarinn segir mest veitt í botnvörpu en einnig í flotvörpu. „Þetta er veitt inni í Djúpi, nánast við stöðina. Því þarf ekki að standa í miklum flutningum, sem er mikill kostur. Ég hygg að við verðum búnir með veiðarnar um miðjan mánuðinn ef allt gengur að óskum.“

Þórarinn segir villtu þorkseiðin hafa komið mjög vel út í eldi. „Þess vegna ætlum við að leggja aðeins meira undir að þessu sinni. Fiskinum sem er veiddur núna verður slátrað haustið 2006. Þannig er þetta langur tími og mikil fjárbinding“, sagði Þórarinn. Næsta vor verða seiðin færð út í sjókvíar. *– kristinn@bb.is*

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Hverra er ábyrgðin?

„Það hafa dunið á okkur áföllin síðustu árin“, segir bæjarstjórinn í Sandgerði. Hann segir vanda bæjarfélagsins meiri en heimamenn ráði einir við. Við sölu á Miðnesinu fluttist kvótinn upp á Akranes. Loðnuverksmiðjan var rifin eftir að Síldarverksmiðjan í Neskaupstað, sem átti hana, sameinaðist SR-mjöli. Bæjarstjórinn segir bæjarfélagið hafa farið út í umtalsverðar fjárfestingar á síðustu árum í samráði við ríkisvaldið og „eigendur kvótans“. Höfnin var stækkuð og dýpkuð og aðstaða fyrir uppsjávarveiðiflotann bætt. Vandséð er að sú framkvæmd nýtist eftir að loðnuverksmiðjan var rifin. Kvótinn er farinn og eftir situr bæjarfélagið með skuldir sem það ræs ekki undir. Undrar einhvern þótt bæjarstórinn leiði ríkisvaldið til samábyrgðar?

Bílddælingar hafa marga fjöruna sopið í atvinnumálum. Til þessa hafa þeir alltaf staðið upp aftur. Nú er uppgjöf í mönnum. „Þetta er hreint ekki í fyrsta sinn sem við stöndum frammi fyrir slíku ástandi. Hins vegar er merkjanlegt að sá kraftur og áræðni sem einkenndi íbúa hér þegar bjátaði á áður fyrr er horfinn. Þessi endalausa barátta hefur sannarlega tekið sinn toll“, segir Jón Páll Jakobsson, skipstjóri á Bíldudal, í samtali við Fréttablaðið og dregur enga dul á að „siðferðisleg skylda stjórnvalda [sé] geysilega mikil. Stjórnvöld komu kvótakerfinu á í núverandi mynd og það er því þeirra að koma þeim fjölmörgu manneskjum til bjargar sem sitja nú með sárt enni og tóma buddu vegna kvótabrasks fyrirtækjanna. Kvótinn er lífæð litlu byggðarlaganna úti á landi og ekkert annað kemur í staðinn. Þörungavinnsla og kræklingaeldi er gott og blessað en það eru aukabúgreinar við hlið sjávarútvegsins.“

Erum við búin að gleyma Raufarhöfn? Eru marklaus þau ummæli Jóns Inga Kristjánssonar, formanns Verkalýðsfélagsins Afls, að ákvörðun Útgerðarfélags Akureyrar um að loka fiskvinnslunni Dvergasteini á Seyðisfirði sé „dæmi um kvótakerfið í sinni verstu mynd“?

Hver heimilaði frjálst og ótakmarkað brask með óveidda fiskinn í sjónum? Það var Alþingi Íslendinga. Fyrir kosningar sagði formaður Framsóknarflokksins framsalið hafa verið ágalla á kvótakerfinu alla tíð. Ætlar hann að afnema það? Eða á „hagkvæmnin“ sem viðskiptaráðherra sagði í sjónvarpsviðtali 25. sept. að „yrði að vera í greininni“ áfram að ráða ferðinni og rústa hvert sjávarplássiið á fætur öðru? Dýr mun Hafliði allur! Er ekki tímabært að þingmenn svari þeirri spurningu, hvað „hagkvæmnishafliði“ kvótakerfisins má allur kosta? Hveru mörgum sjávarþorpum ætla menn að fórna?

s.h.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Tillögur um aukinn rekstur í Safnahúsinu Eyrartúni lagðar fram

Ljósmyndasafni komið á fót

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar vill fjölga starfsfólki, auka þjónustu og stofna Ljósmyndasafn Ísafjarðar í Safnahúsinu Eyrartúni á Ísafirði. Á fundi nefndarinnar fyrir skömmu var gengið frá tillögum um breytta tilhögun rekstrar í húsinu. Í bréfi nefndarinnar til bæjarráðs segir m.a.:

„Vegna gjörbreyttrar aðstöðu safnanna, miklu betra rýmis í Safnahúsinu, aukinnar aðsóknar og möguleika á stórbættri þjónustu er óskað eftir aukningu á stöðugildum sem svarar 1,2 stöðu.“ Áætlað er að kostnaður við þetta yrði um 650 þúsund krónur það sem eftir lifir þessa árs.

Í bréfi nefndarinnar kemur fram, að þar sem söfnin eru nú í stærra húsnæði en áður þurfi óhjákvæmilega að hafa einn bókavörð í starfi á hvorri hæð á afgreiðslutíma safnsins. „Gengið er út frá því að þeir sinntu jafnframt umsjón með sýningarrými Listasafnsins“, segir í bréfinu.

Þá telur nefndin að leggja verði meiri vinnu en áður í umsjón með húsinu og öllum búnaði þess. Einnig að „æskilegt væri að setja meiri vinnu í skipulagningu og uppsetningu sýninga eða þjónustu fyrir ferðamenn eftir því sem húsið býður upp á“.

Ennfremur segir í bréfi nefndarinnar: „Ef vel á að vera þarf að lengja afgreiðslutímann um a.m.k. 2 klst. á dag úr 5 klst. í 7 enda er það vaxandi krafa lánþega, nemenda og gesta að fá að nýta betur það sem húsið býður upp á. Æskilegt að opið verði frá kl. 12 til 19 virka daga og laugardaga kl. 14-17. Einnig væri afar æskilegt að hafa opið sunnudaga á sama tíma (14-17) a.m.k. yfir sumarmánuðina vegna ferðamanna, auk þess sem mjög æskilegt væri að geta haft sveigjanlegri og lengri opnunartíma á sérstökum annatímum skólanema og fjarnema.“

Þá segir nefndin að þjónusta skjalasafnsins við deildir bæjarins hafi vaxið mikið undanfarið með strangari kröfum um skjalameðferð. Þetta sé farið að koma niður á öðrum starfsmönnum sem hlaupa í skarðið við afgreiðslu skjala og ljósmynda. Einnig telur nefndin að góðar líkur séu á því að ríkissjóður muni styðja betur við rekstur skjalasafnsins.

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var ekki tekin afstaða til þessa erindis. Því var vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun 2003 og fjárhagsáætlunargerðar ársins 2004.

Á áðurnefndum fundi menningarmálanefndar voru lögð fram drög Jóhanns Hinrikssonar forstöðumanns og bókavarðar að samþykktum fyrir Ljósmyndasafn Ísafjarðar sem yrði í Safnahúsinu og lagði nefndin til að þau yrðu samþykkt. Bæjarráð hefur lagt það til við bæjarstjórn að stofnun Ljósmyndasafnsins verði samþykkt. *– hj@bb.is*

Sendiferðabíllinn á lyftunni.

Skipt um olíu undir berum himni

Starfsmenn Bílaþjónustu FMG á Ísafirði gerðu sér lítið fyrir í blíðviðrinu fyrir helgi og fóru með bílalyftuna út undir bert loft til að sinna viðhaldi. Eins og sést á meðfylgjandi mynd munaði þá lítið um að lyfta fullvaxinni sendibifreið með færanlegri lyftu sem sett var út á hlaðið fyrir framan húsakynni fyrirtækisins við Sindragötu. Starfsmenn smurstöðva og bifreiðaverkstæða fá ekki oft tækifæri til að njóta sólskins við vinnu sína og því mætti ætla að þetta vinnufyrirkomulag sé kærkomin tilbreyting.

Guðmundur Haukur Sigurlaugsson hjá FMG segir þó að útivistarsjónarmið ekki hafa ráðið ferðinni að þessu sinni. Þarna hafi verið mikið annríki og fleiri bílar ekki komist fyrir innan dyra. Kom það ekki að sök í þetta sinn enda veður það gott að flestir teldu útivist eftirsóknarverða. *– kristinn@bb.is*

ÍSAFJARÐARBÆR

ÍBÚÐAHVERFI Í TUNGUDAL

Óskað er eftir tillögum að nöfnum á götur í nýja íbúðarhúsahverfinu í Tungudal. Hverfið samanstendur af stofnbraut og fimm íbúðagötum sem bráðvantar góð nöfn á.
Tillögum skal komið á framfæri við tæknideild fyrir 29. október nk.
Þá er athygli vakin á að í hverfinu eru lausar einbýlishúsalóðir og eru væntanlegir húsbyggjendur hvattir til að hafa samband við tæknideild Ísafjarðarbæjar og afla frekari upplýsinga.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Fólk í ferðaþjónustu skoðar málefni upplýsingamiðstöðva

Samstarf ólíkra aðila verði nánara

Á málþingi Ferðamálasamtaka Vestfjarða í Flókalundi fyrir skömmu var fjallað um ýmis innri mál ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum. Jóhann Ásmundsson, formaður Ferðamálasamtakanna, segir töluverðar umræður hafa orðið um rekstur upplýsingamiðstöðva fyrir ferðafólk.

„Fram kom beiðni um að Fjórðungssamband Vestfirðinga tæki málið upp. Þannig kæmi uppbygging upplýsingamiðstöðva inn á sveitarstjórnarstigið á fjórðungsvísu. Menn eru að velta fyrir sér heildarskipulagi upplýsingamiðstöða á svæðinu en hægt er að fara ýmsar leiðir í þeim efnum. Þetta snýr að samvinnu sveitarfélaga og því finnst okkur skynsamlegt að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum ræði þetta.“

Í erindi Aðalsteins Óskarssonar, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, kom fram ósk um nánara samstarf við Ferðamálasamtökin en verið hefur um rekstur ferðamálafulltrúa Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Jóhann segir að þetta myndi m.a. annars fela í sér að gerð yrði sameiginleg rekstraráætlun á hverju hausti fyrir starf ferðamálafulltrúans.

„Það hefur mjög verið kvartað yfir því hvað fjármagn til ferðamálafulltrúans er ótryggt. Iðulega liggur það ekki fyrir fyrr en á miðju starfsári hvort hinn eða þessi styrkurinn til ýmissa verkefna fæst. Þetta gerir vinnu ferðamálafulltrúans mjög erfiða og torveldar framkvæmd á langtíma stefnumótun ferðamála á Vestfjörðum. Væntingar manna eru til þess að að með því að sameina krafta verði hægt að koma út með sterkari fjárhagsramma fyrir hvert ár“, sagði Jóhann Ásmundsson, formaður.

– kristinn@bb.is

Námskeið á vegum Baðstofunnar

1. Harðangur- og klaustursaumur
2. Bútasaumur (3 námskeið)
3. Orkering
4. Þæfing
5. Prjón og hekl

Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst

baðstofan

Silfurgötu 6 · Ísafirði · Sími 456 4229

Hugmyndin um Norðaustur-Íshafsleiðina var viðruð í Bolungarvík fyrir mörgum árum

Önundarfjörður hentar vel sem umskipunarstaður fyrir fraktskip

– segir Úlfar S. Ágústsson, sem ósjaldan hefur sett fram sérstæðar hugmyndir

Úlfar S. Ágústsson á Ísafirði þarf naumast að kynna fyrir lesendum blaðsins. Þessi gamli kaupmaður, eins og hann kallar sig, hefur í gegnum árin ósjaldan vakið sterk viðbrögð samborgara sinna með skoðunum sínum. Þær virðast sjaldnast hafa farið saman við skoðanir fjöldans. Innst inni grunar nú einhverja samt að hann eigi sér allmörg skoðanasystkin. Fæstir eru hins vegar tilbúnir að brjóta ísinn, stíga fram og benda á það sem miður fer og hvað má betur fara. Því hefur Úlfar stundum verið í hlutverki hrópandans í eyðimörkinni.

Þegar fréttist að ráðherra utanríkismála hefði skipað starfshóp til að fara yfir möguleika Íslendinga ef hin svokallaða Norðaustur-Íshafsleið yrði opnuð, varð undirrituðum hugsað til manns sem hann hafði nokkrum sinnum heyrt tala um þessa siglingaleið – við lítinn fögnuð og ennþá minni skilning. Maðurinn, jú, Úlfar Ágústsson. Við mæltum okkur mót til þess að tala um þessa kuldalegu siglingaleið. En við sigldum víðar í samtalinu. Það er erfitt að hemja Úlfar þegar hann kemst á flug. Enda kannski engin ástæða til þess arna. Fyrr en varði var umræðan komin í byggðamálin og vegamálin og ...

Ég bað hann fyrst að rifja upp hvenær hann hefði fyrst minnst á þessa siglingaleið opinberlega hér vestra.

„Það var fyrir 15-20 árum í afmælisfagnaði hjá Sjálfstæðiskvennafélaginu Þuríði sundafylli í Bolungarvík, sem ég sagði frá þessu fyrst opinberlega með þeim orðum, að í framtíðinni yrði bara einn staður sem sæist í Evrópu á siglingaleiðinni frá Asíu til austurstrandar Ameríku og það væri Bolungarvík. Menn tóku þessu þá eins og oft þegar ég hef slegið fram góðum hugmyndum, með svona aumkunarverðum svip. Það nennti auðvitað enginn að hlusta á þetta.

Ég hef síðan haldið þessu oft á lofti síðan. Ég hef oft rætt þetta við þingmenn og ég get ekki kvartað undan því að undirtektirnar hafi verið lélegar því þær hafa aldrei verið neinar. Ég ræddi þetta við marga aðila en fékk hvergi undirtektir og vissi í raun ekki við hvern ég ætti að ræða þetta eða afla upplýsinga um þessa leið. Síðan Internetið kom hefur þetta verið auðveldara. Þar er hægt að nálgast upplýsingar á svo auðveldan hátt og þar með hefur gagnaöflun gengið betur.“

Önundarfjörður bestur

„En nú er þetta komið í formlegan farveg. Og nú verðum við að bregðast við, ef við eigum að vera með í þessu máli. Við verðum í upphafi að gera okkur grein fyrir stærð málsins. Hér er ekki verið að tala um neinn venjulegan hafnarkant eins og á Ísafirði. Við erum að tala um miklu stærri mannvirki. Að mínu áliti erum við að tala um heilan fjörð. Í mínum huga hentar Önundarfjörður vel í þetta verkefni. Þar er mikið undirlendi og fjörðurinn góður. Þarna er hægt að byggja þá risahöfn sem þarf fyrir verkefni sem þetta. Þetta verður bæði olíuhöfn og umskipunarhöfn fyrir gáma. Þar af leiðandi þurfum við að hugsa svæðið hér sem eina heild. Lykilatriði í upphafi er að mönnum sé umfangið ljóst.

Við erum að tala um flutninga frá Asíu til austurstrandar Ameríku og til Evrópu. Ég tel nú að Evrópuskipin þurfi ekki þjónustu hér. Hana myndu þau frekar sækja til Noregs eða Rússlands. En það eru Ameríkuskipin sem gefa möguleika. Þau eru búin að vera 25 daga í hafi og eiga eftir 10 daga. Þau gætu sett hér af sér gáma til Evrópu, að ég tali nú ekki um ef það verða notuð sérstyrkt skip í verkefnið. Þá verður að umskipa öllu hér í léttari skip sem flyttu varninginn til Ameríku. Olíu og vistir yrði síðan að taka hér“.

– Nú er erfitt að sjá okkur ræða svona stórt mál hér um slóðir þar sem við höfum klofið heilu samfélögin í deilum um smáatriði. Hvað viltu að við gerum til þess að koma málinu á hreyfingu?

„Við eigum að ganga fram fyrir skjöldu og krefjast aðkomu að undirbúningsvinnunni. Því næst eigum við að bjóða fram aðstöðu hér.



Við eigum að bjóða fram Önundarfjörð. Þetta þarf að fá sjálfstæða umfjöllun sem stórverkefni. Ekki að það sé verið að breyta Flateyri eða þetta sé úthverfi Flateyrar. Þetta er sérstakt svæði sem verður byggt upp. Umfjöllunin þarf að mótast af þörfum þessa verkefnis en ekki að blanda henni saman við byggðina sem fyrir er. Fólk á Flateyri getur haldið sínu striki. Höfnin verður innar í firðinum enda nægt landrými þar.“

Bundið slitlag strax í gær

– Tæplega er nægilegt að bjóða bara fram land og aðstöðu. Eitthvað annað hlýtur að fylgja?

„Já, í framhaldinu verðum við að byggja upp vegakerfið á landi til þess að tryggja að hægt sé að flytja á milli það sem þörf er á. Við verðum að fá hingað boðlegar samgöngur til norðanverðra Vestfjarða strax en ekki tefja málið með umræðu um aukaatriði.

Umræða um aukaatriði tefur vegagerð hingað út Djúp. Á Fjórðungsþingi um daginn t.d. sá ég ekki neina umfjöllun um annað en þarfir Barðstrendinga. Það virðast engar kröfur koma héðan frá Djúpi. Meira að segja fóru einhverjir þingmenn hér að láta sér detta það í hug þegar umfjöllunin um Stranddalaveg byrjaði, að fresta mætti brú yfir Mjóafjörð og nota peningana í heiðina.“

Útkjálkanáþorp

– En er það nokkuð vitlaus hugmynd að fresta malbikun í Djúpi eða brú yfir Mjóafjörð til þess að komast fyrr yfir í Dalina?

„Já, það er kolvitlaus hugmynd. Við getum ekki og megum ekki bíða með neitt. Málið er, að bær sem hefur ekki veg með bundnu slitlagi að meginvegakerfi landsins er enginn alvörubær. Hann er bara útkjálkanáþorp. Þannig er það nú og þannig hljóta allir Íslendingar að líta á Ísafjörð. Þess vegna segi ég: Við þurfum að fá malbikaðan veg strax.

Og hvernig er fljótlegast að gera það? Jú, með því að fara þessa Stranddalaleið. Það er hægt að byggja þá leið án þess að trufla neina aðra umferð um svæðið og við getum byggt hana á tveimur til þremur árum. Þegar sú leið er komin er búið að klára Svínadalinn og þá er ekkert eftir annað en Mjóifjörðurinn. Við verðum að fara þá í brúna og þá erum við að tala um fullklárað leið árin 2007 eða 2008 en ekki eins og núna þegar menn eru að tala um að klára þetta árið 2015. Það er alltof seint. Þá verða allir farnir héðan.

Það er bara 10 árum of seint enda átti þetta að koma í gær. Þegar þetta er komið geta menn farið að tala um styttingar á leiðinni, hvort sem það verður gert á Djúpleið eða Vesturleið. En kannski er þetta tómt mál að tala um ef allir ætla sér héðan í burtu og ekkert á að gera hér til þess að halda

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

í fólkið.“

– Segir það ekki ákveðna sögu um skoðanir manna á landsbyggðinni, þegar í umfjöllun fjölmiðla annarra en BB um væntanlega norðausturleið skuli þeim aðeins detta í hug að komið verði við í Reykjavík, þrátt fyrir að hún hafi aldrei verið nefnd áður og það sé úr leið að sigla til Reykjavíkur?

„Jú, svona er þetta bara. Það er klifað á því að það sé ekki hægt að gera neitt hér því að hér sé ekkert fólk. Sama umræða var fyrir austan. Þar átti ekki að vera hægt að setja upp stóriðju vegna þess að það vantaði fólk. Þetta er bull hvað okkur varðar, því þrátt fyrir allt erum við með ennþá með sterkt þjónustuumhverfi hér á Ísafirði. Í raun og veru sterkara en svæðið í raun getur borið.“

Hátt þjónustustig

– Er þessu sterka þjónustustigi ekki haldið uppi af eigendum fyrirtækjanna? Eru þeir í raun ekki að éta ofan af sér til þess að halda uppi háu þjónustustigi í von um betri tíð?

„Jú, en auðvitað hafa menn hætt í rekstri, sérstaklega í versluninni, og það hefur haft sitt að segja. En í iðnaðinum hafa eldri fyrirtæki haldið hér uppi starfsemi sem í raun á ekki rétt á sér markaðarins vegna. Það rifjar upp ferð mína til Norður-Noregs í sumar. Ég sigldi um þetta gríðarlega fallega svæði sem nú virðist vera að fara í eyði að mestu, utan örfáir stórir staðir.

Á siglingu minni komum við á lítinn stað með 5.000 íbúum. Við tókum þarna um borð lóðs og ég fór að spjalla við hann um heimabyggðina hans. Þetta var ræðinn kall og skemmtilegur. Hann fór að segja mér frá öllum þorpunum sem væru að þurrkast út þarna og einnig stóru bæjunum með 5.000-50.000 manna byggð sem eru að stækka, þar sem ríkið hefur stutt þar við bakið á íbúunum.

En svo spurði ég hann um hans byggð og hann sagði að þar væri allt í fínu lagi. Þar hefðu búið 5.000 manns lengi og þetta væri allt í fína. En síðan hittist svo á, að í haust fór ég á ráðstefnu í Borgarfirði um byggðaþróun og þar hitti ég fyrirlesara sem er sérfræðingur í byggðaþróun hjá norsku Byggðastofnunni. Og ég fór að spyrja hana um þessi norðursvæði Noregs, þar á meðal heimabæ kunningja míns, og þá sagði hún mér að sá staður ætti enga von. Fyrir þann stað yrði ekkert gert og hann myndi hverfa.

Mér brá rosalega. En svo rann upp fyrir mér ljós, að þessi kunningi minn var alveg eins og við hér á Ísafirði. Við látum sem hér sé allt í góðu lagi. Höldum okkar striki í einhverri von um bjartari tíð sem ekki kemur af sjálfu sér.

Það var afskaplega lærdómsríkt að ferðast um í Norður-Noregi og horfa á þessar byggðir sem eru að eyðast, þrátt fyrir allar þeirra ráðstafanir. Eina sem helst þar eru stóru bæirnir sem tryggðir eru með opinberum eða hálfopinberum aðgerðum. Fólkið vill bara ekki vera í fámenninu og fábreytninni. Það er málið.

Síðan kem ég heim og fer norður í Fljótavík sem þornaði upp fyrir 50 árum, nákvæmlega eins og í þorpunum í Noregi nú. Þá rifjaðist upp fyrir mér nefndin sem ég sat í um vanda dreifbýlisverslunarinnar fyrir nokkrum áratugum. Þar lagði ég til að öll þjónusta yrði sameinuð á einum stað í litlu þorpunum út um landið. Pósturinn, sparisjóðurinn og hreppurinn og fleiri opinberir og hálfopinberir aðilar færu saman í hús til þess að tryggja ákveðna þjónustu og störf. Það varð allt vitlaust. Enginn vildi láta af sínu og á endanum hvarf allt frá þessum stöðum.“

Er hægt að breyta hugarfari?

– En breytist ekki hugarfarið hér ef við verðum komnir í alfaraleið með nýrri siglingaleið um norðurslóðir?

„Ég veit ekki hvort það gerist fyrr en það er of seint. Mér sýnist uppbyggingin í landbúnaðinum hér ekki benda til þess, svo við nefnum bara eitt dæmi.“

– Bíddu nú við. Ef þú lýsir þessu rétt, er þá nokkur ástæða til þess að við fylgjumst með þeirri þróun sem er að eiga sér stað í þessum umræddu siglingum? Eigum við þá ekki bara að sleppa því að hugsa um þau mál?

„Jú sko, mér finnst alveg skilyrðislaust að við eigum að gera það. En það þýðir ekkert að gera það nema að menn skilji hvað menn eru að tala um. Við höfum verið að markaðssetja Vestfirði sem grænt svæði. Vilja menn því fá svona mannvirki sem fylgja svona höfn? Við erum að tala um gríðarlegar breytingar hér um slóðir og við erum að tala um mikla umferð. Við erum að tala um olíutanka og fleira sem er einskonar stóriðja. Mín skoðun er sú, að við eigum afdráttarlaust að skoða þennan möguleika. En við skulum sleppa þessum möguleika, ef mönnum dettur í hug að það sé hægt að gera þetta út frá hagsmunum Ísafjarðarhafnar. Þar er alltof þröngt og lítið undirlendi. Menn verða að gera sér grein fyrir því að þetta er miklu stærra mál en svo að það rúmist þar, því miður.“

– Ertu þá ekki líka að segja þá að þessi stefnumótun okkar í ferðamálum á þann veg að hér sé náttúran í fyrirrúmi sé röng?

„Nei, þetta er flóknara mál en svo. Ég hef sagt að við eigum ekki að fá hingað reykspúandi stóriðju en ég er samt ekki að tala um að gera Vestfirði að einum þjóðgarði. Og ég er líka á móti þeirri þjóðgarðastefnu sem ríkt hefur á Hornströndum. Ég get fallist á þessa verndarstefnu á hinum eiginlegu Hornströndum en alls ekki meir. Við eigum að taka svæðið frá Hrafnfirði og inn að Geirólfsgnúpi og Kaldalóni, gera það allt að einu útivistarsvæði og reka þessi svæði svo út frá tveimur ólíkum sjónarhornum. Annars vegar á nótum friðunarsinnanna og hins vegar nýtingarsinnanna og skoða svo hvernig þetta reynist. Þarna er nóg pláss fyrir alla. Við höfum ekkert efni á því að leggja allan Ísafjarðarbæ undir einhverja fátúrismastefnu.“

– En ertu þá ekki aftur kominn í mótsögn við sjálfan þig? Þú vilt að hér taki menn djarfar og stórar ákvarðanir en segir svo jafnframt að þú viljir ekki stóriðju hér. Viltu sumsé fyrirfram útiloka þann möguleika?

„Nei, það er ekki þannig. Ég held bara að sá möguleiki eigi ekki eftir að koma upp á borðið. Og þó að umræðan hafi alltaf verið þannig fyrir austan að ekkert kæmi, þá er það nú öðruvísi hér. Ég sé til að mynda ekkert athugavert við þá starfsemi sem fyrirhuguð er á Bíldudal. Mér finnst það svo fjarlægur möguleiki að hér komi eldspúandi stóriðjur að það er óþarfi að eyða tímanum í þá umræðu. Því ef að menn ætla í þá umræðu, þá verða menn að endurskoða túrismann.“

En svo er þessi umræða kannski öll óþörf, því að þó að Guð almáttugur sé að hjálpa okkur við að bræða ísinn á Norðausturleiðinni, þá bráðnar nú ísinn víðar og það gæti opnað leiðina norður fyrir Ameríku. Og þá geta Ameríkanar farið þá leið og þar með er okkar draumur búinn en það er efni í annað viðtal.

– hj@bb.is

Staðbundinn þorskur í Djúpi að éta rækju fyrir hundruð milljóna á ári?

Vilja veiða þorskinn áður en hann klárar rækjuna

Eins og fram kemur á baksíðu verður ekki leyft að hefja rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi að sinni. Hafrannsóknastofnun hefur tilkynnt að ástand rækjustofnsins verði kannað að nýju í febrúar. Ekki er þetta í fyrsta skipti sem veiðum í Ísafjarðardjúpi er frestað. Ástæðurnar eru hins vegar aðrar nú en oft áður. Á undanförnum árum hefur upphaf veiða að hausti oft dregist vegna seiðagengdar í Djúpinu. Hefur það ástand stundum varað fram á haustið þar til kólnað hefur í veðri. Nú er að vísu seiðagengd yfir mörkum og þá sérstaklega ýsuseiði en aðalástæða veiðibanns nú er ástand rækjustofnsins sjálfs.

Heildarstofnvísitala og vísitala kvendýra reyndist langt undir meðaltali, raunar sú lægsta í sautján ár. Rækjan er einnig mjög smá og hefur hlutfall smárækju í afla aukist. Í fyrra var meðalstærð 304 stykki í kílógrammi upp úr sjó en í ár er talan 391 stykki í kílógrammi. Það sem hins vegar heggur stærstu skörðin í rækjustofninn í Djúpinu er þorsk- og ýsugengd. Ýsan og einkum þorskurinn eru með öðrum orðum að éta upp stofninn enda segir Hafrannsóknastofnun í tilkynningu, að það sé einkum mikil þorskgengd sem minnkað hafi stofnstærð rækju í Djúpinu.

Með hlýnandi veðurfari hefur þess orðið vart að þorskur sé orðinn mjög staðbundinn í Djúpinu. Pétur Bjarnason, fyrrverandi skipstjóri á Ísafirði, hefur reyndar ásamt fleirum haldið því fram, að alla tíð hafi verið mjög staðbundinn þorskstofn í Djúpinu. Hjalta Karlssyni hjá Hafrannsóknastofnun á Ísafirði þykja merkingar fiska í Djúpi hafa staðfest, að þeir árgangar sem vaxa þar upp geti verið staðbundnir fyrstu æviárin enda lífsskilyrðin góð.

Þeim mönnum fer nú mjög fjölgandi í röðum útgerðarmanna og sjómanna við Djúp sem segja, að grípa verði nú þegar til ráðstafana til þess að veiða þennan þorsk, ná honum áður en hann klárar rækjuna. Eftir nokkru er að slægjast því að þegar Djúpið gaf best af sér veiddust á fjórða þúsund tonn sem gefa um 300-500 milljónir í útflutningsverðmæti.

Þessi verðmæti hverfa og ekkert kemur í staðinn annað en saddur þorskur í Ísafjarðardjúpi. Hafa menn í þessu sambandi talið að breyta þurfi fiskveiðilögunum. Í dag geta menn veitt í Djúpinu á línu og í dragnót en ekki botnvörpu. Því sé nauðsynlegt að leyfa nú þegar veiðar með botnvörpu og gera þar með úrslitatilraun til þess að bjarga rækjustofninum.

Veiðibanni á rækju fylgir tekjutap fyrir útgerðir, sjómenn og ekki síst rækjuverksmiðjur og starfsfólk þeirra. Rækjuveiðarnar gegna ennþá stóru hlutverki hjá þorra þeirra sjómanna sem þær stunda og hjá útgerðunum einnig þótt ekki sé það alveg eins veigamikið og á árum áður. Hins vegar finnst mörgum óþarfi að láta rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi hverfa.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða er heimilt að bæta útgerðum upp aflabrest sem þennan með úthlutun í öðrum fisktegundum. Þær raddir hafa nú heyrst, að komi til úthlutunar bóta til útgerðanna eigi að binda þær þeim skilyrðum, að þær verði nýttar til veiðar á þorski í botnvörpu í Ísafjarðardjúpi. Til þess þyrfti þó trúlega lagabreytingu.

Hjalti Karlsson, útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði, segir ekkert athugavert við að þorskurinn í Ísafjarðardjúpi verði veiddur eins og annar þorskur við landið, að svo miklu leyti sem menn fari að lögum við veiðarnar. Þurfi hins vegar að breyta lögum sé við löggjafann að eiga.

„Ég vil sjá róttækar aðgerðir strax svo ég þurfi ekki að horfa á nokkra fiska éta frá mér stærstan hluta tekna minna“, sagði sjómaður sem spjallað var við. Í þeim orðum er málið í hnotskurn að mati margra: Að staðbundinn þorskstofn sé að éta 300-500 milljónir á ári úr hagkerfinu við Ísafjarðardjúp.

– hj@bb.is

Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar

Ekkert framlag til íþróttasvæðisins á Torfnesi

Kostnaður við framkvæmdir við íþróttasvæðið á Torfnesi á Ísafirði á þessu ári er um 90 milljónir króna, eins og hér hefur komið fram. Tilefni þess að þar var lagt í gríðarmiklar framkvæmdir, meðal annars gerð gervigrasvallar, var sú ákvörðun að halda Unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði á nýliðnu sumri.

Í samtali við Svæðisútvarp Vestfjarða á föstudag sagði Guðni G. Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, að hann hefði ásamt Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra farið á fund fjárlaganefndar Alþingis og óskað eftir fjárstuðningi við verkið. Í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í síðustu viku er ekki reiknað með styrk til vallarins.

Hins vegar er í frumvarpinu tillaga um 20 milljóna króna framlag til íþróttavallar á Sauðárkróki vegna Landsmóts UMFÍ sem þar á að halda næsta sumar. Skagfirðingar tóku eins og kunnugt er við mótshaldinu þegar Ísfirðingar gengu úr skaftinu. Rétt er að taka fram að fjárlagafrumvarpið tekur ævinlega breytingum í meðförum Alþingis áður en það verður að lögum. – *hj@bb.is*

Álftagerðisbræður syngja í Ísafjarðarkirkju. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Tónleikar hinna skagfirsku Álftagerðisbræðra

Húsfyllir í Ísafjarðarkirkju

Húsfyllir var í Ísafjarðarkirkju á sunnudag á tónleikum hinna skagfirsku Álftagerðisbræðra. Körfuboltafélag Ísafjarðar stóð fyrir tónleikunum í samvinnu við Sparisjóð Vestfirðinga. Álftagerðisbræður fluttu margar sígildar söngperlur og dægurlög og þóttu fullvígir jafnt á Hamraborgina sem Hljómalagið Bláu augun þín. Kvartettinn skipa hinir söngelsku bræður Sigfús, Pétur, Gísli og Óskar Pétursson. Óhætt er að segja að vestfirskir tónleikagestir hafi tekið þeim fagnandi. – *kristinn@bb.is*

Deilurnar um kattahald og kattaveiðar á Ísafirði

Málið komið á borð bæjarstjóra

Eftir margvísleg og stundum illvíg hnútuköst og kærumál varðandi kattahald og eyðingu villikatta á Ísafirði er málið komið á borð Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra. Bjarstjórn vísaði kattamálum til meðferðar í bæjarráði eins og hér kom fram og samþykkti jafnframt að aðgerðum við útrýmingu villikatta yrði hætt um sinn.

Í bæjarráði í síðustu viku voru lögð fram drög að samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ, unnin af Þorleifi Pálssyni bæjarritara og yfirfarin af Antoni Helgasyni, heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða. Einnig var lagt fram bréf varðandi húsdýrahald í bæjarfélaginu, og þó einkum kattahald, frá Ara Sigurjónssyni, nefndarmanni í landbúnaðarnefnd Ísafjarðarbæjar, og Þóri Erni Guðmundssyni, starfsmanni nefndarinnar. Jafnframt var lögð fram á fundi bæjarráðs tillaga Magnúsar Reynis Guðmundssonar, sem hann lagði fram á síðasta bæjarstjórnarfundi og hér var greint frá.

Bæjarráð vísaði drögunum að samþykkt um kattahald til bæjarstjóra til frekari vinnslu, eins og segir í bókun ráðsins. Áður hefur komið fram, að kattaverndarmaður á Ísafirði hefur verið kærður til lögreglu. Hann hefur á hinn bóginn kært kattaveiðimann Ísafjarðarbæjar til lögreglu.

– *kristinn@bb.is*

MAÐUR VIKUNNAR

Gömlu smellirnir alltaf bestir

Nafn: Grétar Sigurðsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Að Tangagötu 32 á Ísafirði, 21. júlí 1956.
Atvinna: Húsgagnasali.
Fjölskylda: Giftur Önnu Guðrúnu Sigurðardóttur og eigum við börnin Önnu Ragnheiði 27 ára, Trausta Má 22 ára og Sigurð Fannar 15 ára. Þá eigum við eitt barnabarn, Evu Marín 9 mánaða.
Helstu áhugamál: Golf, skíði, skotveiði og enski boltinn.
Bifreið: Toyota LandCrusier árg. 1998.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Toyota LandCrusier.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Skipstjóri.
Uppáhalds matur? Bakaðar kótilettur.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Hafragrautur.
Uppáhalds drykkur? Kaffi og ísfirska vatnið.
Uppáhalds tónlist? Gömlu smellirnir t.d. Dire Straits og Creedence Clearwater Revival.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Tiger Woods í golfinu og Manchester United í enska boltanum.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Íþróttir og fréttir.
Uppáhalds vefsíðan? mbl.is og bb.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Margar íslenskar myndir eru mjög góðar s.s. Stella í orlofi og Dalalíf.
Fallegasti staður hérlendis? Lónafjörður.
Fallegasti staður erlendis? Norður Noregur.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.
Uppáhalds heimilistækið? Upppvottavélin.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Spila golf með fjölskyldunni.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Óheiðarleiki og þegar konunni minni dettur í hug að ryksuga þegar það er bolti í sjónvarpinu.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Fæ mér góðan göngutúr.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já, ferðast meira.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Man ekki eftir neinu sérstöku.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Láta strax fara í að gera gangstíg inn í fjörð.
Lífsmottó? Hafa gaman af lífinu.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Dómar yfir banamönnum Magnúsar Freys þyngdir

Með dómum uppkveðnum í síðustu viku þyngdi Hæstiréttur verulega fangelsisrefsingu mannanna sem urðu Magnúsi Frey Sveinbjörnssyni frá Ísafirði að bana í Hafnarstræti í Reykjavík í fyrravor. Fangelsisrefsing Baldurs Freys Einarssonar var tvöfölduð eða úr þremur árum í sex og refsing Gunnars Friðriks Friðrikssonar var þyngd úr tveimur árum í þrjú. Þótti Hæstarétti ekki annað fært með hliðsjón af alvarleika málsins en að þyngja dóma Héraðsdóms Reykjavíkur.

– hlynur@bb.is

Fjórar ungar listakonur sýna í Slunkaríki

Listakonurnar Marta Valgeirsdóttir, María Pétursdóttir, Helga Þórsdóttir og Helga Óskarsdóttir opnuðu á laugardag sýningu á verkum sínum í Gallerí Slunkaríki á Ísafirði. Þær tilheyra allar yngri kynslóð listamanna og hafa fengist við fjölbreytt viðfangsefni, m.a. innsetningar, umhverfislist, gjörninga, myndbönd, ljósmyndir o.fl. Að þessu sinni sýna listakonurnar þrívíð verk af ýmsu tagi. Sýningin stendur til 19. október. Hún er opin milli kl. 16 og 18 frá fimmtudegi til sunnudags í viku hverri. – *kristinn@bb.is*

Fornleifastofnun í Safnahúsið og Andrea ráðin

Fornleifastofnun hefur fengið aðstöðu í Safnahúsinu Eyrartúni á Ísafirði fyrir starfsmann sinn á Vestfjörðum. Þetta var ákveðið á fundi menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar sem haldinn var fyrir stuttu, í samræmi við beiðni þar að lútandi frá Adolf Friðrikssyni, forstöðumanni Fornleifastofnunar. Í bréfi sem Adolf sendi nefndinni tilkynnir hann jafnframt að Andrea Harðardóttir, sagnfræðingur á Ísafirði, hafi verið ráðin starfsmaður stofnunarinnar á Vestfjörðum.

– hj@bb.is

Ríkisstjórnin hyggst ekki láta línuívilnun taka gildi í haust

Algjört stílbrot miðað við það sem var kynnt í vor

– segir Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu ehf. á Suðureyri

Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni í síðustu viku, að línuívilnun yrði ekki tekin upp í haust. Unnið yrði að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða svo að hægt verði að taka upp línuívilnun á næsta ári. Á stjórnmálafundi á Ísafirði fyrir kosningar í vor sagði Davíð Oddsson um línuívilnun, samkvæmt frásögn Morgunblaðsins: „Ég tel að þetta eigi að geta komið til framkvæmda með haustinu; menn eigi að geta unnið að því, það er óþarfi að draga það neitt lengur.“

Óðinn Gestsson.

Samkvæmt heimildum blaðsins var Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu á Suðureyri, einn af arkitektum kosningastefnu Sjálfstæðisflokksins í sjávarútvegsmálum þar sem mikill þungi var lagður í loforð um að taka upp línuívilnun strax í haust. Því virtist eðlilegt að leita eftir viðbrögðum hans við orðum forsætisráðherra um línuívilnun í stefnuræðunni.

„Þetta er algjört stílbrot miðað við það sem mér og öðrum kjósendum var kynnt í vor“, sagði Óðinn. „Þetta er mjög skrítið í ljósi þess, að þegar teknar eru ákvarðanir um byggðakvóta og kvóta til þorskeldis þar sem mönnum er beinlínis mismunað, þá virðast engar lagaflækjur vera. Ég er þar með ekki að segja að ég sé á móti slíkum ráðstöfunum. En þegar hins vegar á að taka upp almennar leikreglur þar sem allir standa jafnir, eins og í tillögum um línuívilnun, þá koma skyndilega upp alls kyns lagaflækjur sem erfitt virðist að greiða úr. Ég freistast til að halda að þetta séu heimatilbúnar lagaflækjur manna sem ekki vilja og hafa aldrei viljað línuívilnun.“

– Eins og kunnugt er hafa einkum þrír þingmenn stjórnarflokkanna í Norðvesturkjördæmi beitt sér mjög í þessu máli. Er málinu lokið á þessu hausti, að þínu áliti?

„Nei, ég ætlast til þess að mínir menn beiti sér áfram í málinu og beiti þeim ráðum sem duga.“

– Áttu þá við að þeir gangi til liðs við stjórnarandstöðuna?

„Þeir verða bara að beita þeim ráðum sem duga til þess að línuívilnun verði tekin upp strax nú í haust. Svo einfalt er það“, sagði Óðinn Gestsson.

– hj@bb.is

Búfjáreftirlitsmenn á starfssvæði 10

Sameiginleg búfjáreftirlitsnefnd Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps óskar eftir að ráða búfjáreftirlitsmenn á starfssvæði 10.

Áskilið er að umsækjandi hafi búfræðimenntun sbr. 10. gr. laga nr. 103/2002 og að viðkomandi sæki námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, merktar: Búfjáreftirlit, fyrir 22. október nk.

Nánari upplýsingar gefur Þórir Örn Guðmundsson í síma 863 2412.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Starfsfólk óskar í eftirtalin störf:

1. 100% starf **skólaliða**. Vinnutími frá kl. 07:45 - 17:00. Starfið er fólgið í gæslu og þrifum á ákv. hluta í húsnæði skólans. Unnið er með skólaliðum, kennurum og ekki síst nemendum. Um er að ræða krefjandi og jafnframt gefandi starf. Starfið hefst 1. nóvember. Umsóknarfrestur er til 20. október.
2. Rúmlega 60% starf**stuðningsfulltrúa**. Vinnutími er frá kl. 08:00-13:00. Einkum er um að ræða aðstoð í 1. bekk. Um er að ræða krefjandi og um leið gefandi starf þar sem unnið er með börnum í miklu samstarfi við kennara. Umsóknir óskar sendar sem allra fyrst. Ráðið verður í starfið frá og með 15. október.

Umsóknir skal senda til skólans.

Skólastjóri.

LAUSIR TÍMA Í ÍÞRÓTTAHÚSINU

Til leigu eru lausir tímar í íþróttahúsinu á Torfnesi í vetur. Heill völlur eða hluti vallar. Hádegistímar eða kvöldtímar. Einnig eru enn lausir badmintonvellir.

Upplýsingar í íþróttahúsinu eða í síma 456 5260.

Forstöðumaður.

Styrkveitingar menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar

Nefndin vill fá að sjá uppgjörið fyrir Söngvaseið

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að veita nokkrum aðilum styrki en frestaði ákvörðun um styrkveitingu til Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins. Nefndin vill sjá fjárhagslega útkomu á uppfærslu Söngvaseiðs áður en afstaða er tekin.

Á fundi sínum fyrir stuttu samþykkti nefndin að veita Árnýju Herbertsdóttur á Ísafirði styrk að upphæð 50 þúsund krónur, Kvenfélagið Ósk hlýtur styrk að upphæð 100 þúsund krónur og Sumarmenning á Ísafirði fær 100 þúsund krónur. Nefndin vísaði umsókn um styrk í verkefnið „Hús og fólk“ til afgreiðslu bæjarráðs „þar sem verkefnið er það margþætt“, eins og segir í bókun nefndarinnar.

Nefndin hafnaði umsóknum frá Björgunarfélagi Ísafjarðar, Leikfélaginu Hallvarði súganda á Suðureyri, Íslandsdeild EPTA í Reykjavík og Agli Heiðari Antoni Pálssyni í Reykjavík.

Einnig var tekin fyrir umsókn Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins. Menningarmálanefnd fól bæjarritara „að leita upplýsinga hjá Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbnum um fjárhagslega útkomu Söngvaseiðs áður en nefndin tekur afstöðu til erindisins.“ *– hj@bb.is*

Útboð

– Leikskóli, stækkun

Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir tilboðum í stækkun leikskólans við Hlíðarstræti.

Um er að ræða framlengingu á núverandi skóla ásamt anddyri.

Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu frá og með fimmtudeginum 9. október nk. á kr. 3.000.- eintakið.

Tilboð verða opnuð á tæknideild þriðjudaginn 21. október 2003 kl. 14:00.

Tæknideild Bolungarvíkurkaupstaðar.

Margt á dagskránni á Evrópuári fatlaðra

Í tilefni af Evrópuári fatlaðra hefur verið myndaður vinnuhópur á Vestfjörðum sem er ætlað að vekja athygli á málaflokknum í fjórðungnum. Hópinn skipa fulltrúar frá Sjálfsbjörgu, Styrktarfélagi fatlaðra á Vestfjörðum, íþróttafélaginu Ívari, Svæðisskrifstofu fatlaðra og Svæðisráði. Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi Svæðisskrifstofu í vinnuhópum, segir margt í bígerð af þessu tilefni á Vestfjörðum. „Við ætlum að flytja þessar áherslur meðal annars með því að birta pistla um málefni fatlaðra og kynna stöðu mála fram á næsta ár.“. – kristinn@bb.is

Tveggja milljóna króna framlag til Hrafnseyrar

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir tveggja milljóna tímabundnu framlagi til Hrafnseyrarnefndar „til að hefja frumathugun og áætlanagerð á umhverfisskipulagi að Hrafnseyri og til undirbúnings 200 ára afmælishátíðar Jóns Sigurðssonar forseta“, eins og segir í greinargerð forsætisráðuneytisins. Afmælishátíðin verður trúlega haldin sumarið 2011. Að sögn Hallgríms Sveinssonar, staðarhaldara á Hrafnseyri og starfsmanns Hrafnseyrarnefndar, hefur það verið rætt nokkuð lengi að gert verði heildarskipulag umhverfisins á Hrafnseyri – *hj@bb.is*

Þeir sæki efndir sem fengið hafa loforð

Guðni G. Jóhannesson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, kvaðst í samtali við blaðið ekki vilja blanda sér í deilurnar um línuívilnun. „Það er ekki hlutverk bæjarfulltrúa að blanda sér í deilur af því tagi. Ef ríkisstjórnin treystir sér til þess að ganga fram með þessum hætti, þá er það hennar mál. Þeir sem telja sig hafa fengið tímasett loforð um línuívilnun verða að sækja á þá sem slík loforð gáfu“, sagði Guðni G. Jóhannesson.

– hj@bb.is

Dorothee Katrin Lubecki, eða Dóra eins og Vestfirðingar kalla hana oftast, hefur gegnt embætti ferðamálafulltrúa fyrir Vestfirði frá árinu 1996, fyrst á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga og síðar undir formerkjum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Dóra er þýsk að uppruna og skipulagsfræðingur frá Berlín að mennt. Ferðaþjónustan á svæðinu og viðhorfin til hennar hafa breyst mikið frá því Dóra tók til starfa. Umdæmi hennar, ef svo má að orði komast, spannar allan Vestfirðingafjórðung frá botni Hrútafjarðar að botni Gilsfjarðar. Ferðavertíðinni sumarið 2003 er lokið. Við tekur undirbúningur fyrir næsta tímabil og uppgjör á því sem nýliðið er. Því er við hæfi að spyrja hvernig til hafi tekist að þessu sinni og ekki síður hvaða þróun Dóra hafi merkt á undanförnum árum.

Vill hætta að leita að risavöxnum lausnum sem ekki eru til

– rætt við Dorothee Lubecki um bjartar horfur og blikur á lofti í vestfirskri ferðaþjónustu

Auðheyrt er á henni að margt gott hefur verið að gerast í atvinnugreininni á undanförnum árum og jákvæð teikn á lofti. Margt sé þó sýnd veiði en ekki gefin og hætta á að væntingar manna reynist innistæðulausar ef ekki verði stutt vel við bakið á greininni. Hún lætur vel af starfinu í sumar og segir árið hjá sér hafa byrjað vel á ferðasýningum erlendis. Þar hafi hún fengið jákvæð viðbrögð við því sem Vestfirðir hafa að bjóða sem áfangastaður fyrir ferðamenn.

„Ég byrjaði í janúar á sýningu í Bern í Sviss sem heitir Reisemesse. Þetta er sýning sem er haldin á fjórum stöðum í Sviss undir svipuðum formerkjum en það gafst ekki tækifæri til að fylgja henni á fleiri staði. Þarna var ég í boði Kontiki-Saga Reisen sem er leiðandi í sölu Íslandsferða í Sviss. Þau buðu mér að vera á sínum bás en í því liggur hagur beggja. Þau eru að fá til sín manneskju sem þekkir svæðið, býr hér og hefur staðbundna þekkingu. Það skemmtilega við þetta er, að meðan ég var hjá þeim var lögð áhersla á að auglýsa aðallega Vestfjarðaferðir. Og núna seinnipart sumars hringdi umboðsmaður Kontiki-Saga Reisen á Íslandi í mig til að láta vita að vel hafi tekist til. Þannig hefur þetta allt áhrif.

Þarna var ég t.d. að setjast niður með fólki og hjálpa því að skipuleggja sínar ferðir en áberandi margir eru að koma aftur og aftur til Íslands. Margir þeirra vildu skoða Vestfirði sérstaklega næst og voru mjög þakklátir fyrir allar ábendingar.“

Vestfirðir þekkir meðal ákveðinna hópa

„Svisslendingar virðast eiga mikið af peningum og ferðast mikið. Ekki bara í styttri ferðum heldur lengri líka. Það virðist tíðkast, að þegar þeir ferðist til Íslands á annað borð, þá gefi þeir sér góðan tíma. Þarna var t.d. fjölskylda sem ætlaði að koma í mánuð á eigin húsbíl, sem er vafalítið mjög dýrt, en það virtist ekkert vefjast fyrir þeim. Við áttum bara að setja saman pakka sem var aðgengilegur, þau voru alveg tilbúin að borga fyrir það. Þetta er eitthvað sem maður á eftir að venjast. Svo eru náttúrlega aðrir sem vilja ganga og vera á eigin vegum eða kjósa öryggið og taka þátt í hópferðum.

Hin sýningin sem ég fór á var í Hannover í Þýskalandi um mánaðamótin janúar-febrúar og heitir „Reisepavillon“. Þar var ég með Rúnari Óla Karlssyni, atvinnu- og ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar, og manni sem rekur litla ferðaskrifstofu í Reykjavík. Eins og oft á árum áður vorum við ein frá Íslandi og raunar ein frá Skandinavíu.

Þarna var mikið um að vera og mikið spurt. Við fengum tækifæri til að halda í þríganga fyrirlestra með skyggnum, annars vegar um Vestfirði í heild og svo um kajakferðir og hestaferðir. Sérstaklega var almenna kynningin vel sótt. Þangað komu um 60 manns sem er raun mjög gott, því síðan kom allt þetta fólk á básinn og fékk frekari upplýsingar. Við tæmdum úr nokkrum kössum af bæklingum sem er alltaf nokkuð góður mælikvarði því menn eru ekki að safna þeim að óþörfu.

Þjóðverjar eru mjög ákveðnir í því hvað þeim finnst spennandi og hvað ekki. Á sýninguninni í heild sinni fóru á bilinu 600-800 bæklingar af hvorri gerð sem við vorum með og þótti býsna gott. Ég fékk töluvert af bréfum og tölvupósti í kjölfarið þar sem menn vitna til þess að hafa verið þarna og eru að óska eftir frekari upplýsingum.

Þetta er eiginlega eina ferðakaupstefnan sem leggur alfarið upp úr grænni ferðamennsku og því er það nokkur gæðastimpill að vera þar inni. Stærstu ferðaskrifstofunum sem eru eingöngu að selja pakkaferðir er ekki endilega boðið að vera með.”

– Hafa Vestfirðir þá forskot umfram aðra landshluta og jafnvel aðra staði á Norðurlöndunum út á þennan græna vinkil?

„Já, mér finnst það. Auðvitað er alltaf erfitt að meta afrakstur af einstaka sýningum en ég fann að þetta fólk er farið að taka eftir okkur hér fyrir vestan. Við erum búin að vera þarna áður og menn eru farnir að þekkja það sem við höfum að bjóða. Núna í ár komu fyrstu ferðalangarnir á básinn til að segja okkur frá því að þeir hafi komið til Vestfjarða og hvað þeim hafi fundist gaman. Þannig hefur þetta allt áhrif á endanum.

Einnig hef ég haldið tengslum við háskólana úti og fengið hingað nemendur í verknám. Það var sérstaklega skemmtilegt að á þessari sýningu komu fulltrúar frá tveimur nýjum háskólum og báðu mig um að halda fyrirlestur hjá sér. Þeir eru bæði spenntir fyrir því að senda nemendur hingað í verknám og eins til að vinna lokaverkefni. Þar með er nafn Vestfjarða komið á framfæri við enn nýjan hóp. Þannig má segja að margt smátt geri eitt stórt. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að Vestfirðir séu að verða þekkt nafn meðal vissra hópa.“

Vestfirskir ferðaþjónar standa sig vel

– Hvað með Íslendinga og innanlandsmarkað?

„Auðvitað eru Íslendingar helsti markhópur okkar og stærsti einstaki hópur ferðamanna sem hingað kemur. Við sinnum þeim með ýmsum hætti, m.a. með því að fara suður á kynningar. Í ár hafa verið tvær slíkar kynningar. Sú fyrri var Smáratorg í verslunarmiðstöðinni Smáralind, sem Ferðamálasamtök Íslands stóðu fyrir í byrjun maí. Þetta er kynning á öllu sem er í boði á landinu og við vorum með sérstakan Vestfjarðabás. Þarna fjölmenntu ferðaþjónustuaðilar frá Vestfjörðum suður til að kynna sín mál.

Mér finnst það bera mestan árangur þegar ferðaþjónustuaðilarnir standa sjálfir að kynningunni og hitta sína tilvonandi viðskiptavinni. Þá þjálfast þeir upp í að standa fyrir framan fólk, auk þess sem það þéttir hópinn. Fólk stendur hlið við hlið, fólk af Barðaströnd og af Ströndum, sem hefur kannski ekki sést áður og þekkir ekki svæði hvers annars. Það auðveldar allt samstarf að ferðaþjónustufólkið þekkist innbyrðis. Hver og einn er ekki aleinn í heiminum heldur byggist þróun ferðamála í hverjum landshluta ekki síst á því að menn innan svæðisins þekkist og hafi samstarf.

Ferðaþjónustuaðilarnir eiga hrós skilið fyrir að mæta og leggja sig virkilega vel fram. Þó ég segi sjálf frá held ég að vestfirskir ferðaþjónar standi sig að þessu leyti betur en kollegar þeirra í öðrum landshlutum. Frá mörgum stöðum voru bara ferðamálafulltrúar að kynna en það er alls ekki eins öflugt að mínu mati.

Um mitt sumar var síðan haldin Vestfjarðakynning í Höfuðborgarstofu. Það var kannski fullseint fyrir marga ferðaþjónustuaðila til að koma sjálfir og þess vegna vorum bara við sem höfðum frumkvæði að þessu á kynningunni. En þetta skilaði sér líka því þangað kom mikið af Íslendingum sem voru á leiðinni vestur og komu markvisst til að leita sér að upplýsingum.“

Hægt að tengja margt við víkingaþemað

– Nú er verið að vinna að ýmsum spennandi verkefnum í menningartengdri ferðaþjónustu, t.d. um víkinga. Eru miklir framtíðarmöguleikar í því?

„Já, í rauninni horfum við upp á byltingu í öllu sem lýtur að menningartengdri ferðaþjónustu. Sem dæmi má nefna komið er þema á Ströndum sem virkar ágætlega. Það er Galdrasýningin sem verður vonandi í framtíðinni að galdraslóð sem nær alla leiðina frá Hrútafirði og norður í Árneshrepp. Að auki hefur verið farið í gang með heilmikil áform undir vinnuheitinu Gíslaverkefni en það er hluti af stærra verkefnið sem ber nafnið „Destination Viking-Sagalands“ og fólk getur kynnt sér á *www.destinationviking.com*. Undir þessu samheiti eru 16 verkefni frá Norðurlöndum öllum, Grænlandi, Orkneyjum og Hjaltlandi auk Kanada. Þannig spannar þetta stærstan hluta víkingasöguslóðarinnar og er bæði fjölbreytt og skemmtilegt.

Vinna við Gíslaverkefnið fór af stað á mjög jákvæðum nótum á Þingeyri í vor. Við byrjuðum á því að fá til okkar leiðbeinanda sem aðstoðaði okkur við að búa til víkingabúninga. Okkur fannst mjög gott að byrja á einhverju sem allir gætu tekið þátt í og hægt væri að nota við ýmsar uppákomur í framtíðinni. Þarna var verið að handsauma úr ull, hör og silki, lita fatnaðinn og búa til skinnskó. Nú þegar eru um þrjátíu búningar að verða tilbúnir. Við búum til búninga fyrir bæði kynin og fyrir mismunandi stéttir og þannig geta menn verið óðalsbændur, kotbændur eða þrælar.

Núna í haust, í vetur og í vor ætlum við að fullklára þessa búninga og sjá síðan hver næstu skref verða. Reyndar verður tekið stórt skref núna í október þegar við stofnum áhugamannafélag utan um þetta til að koma verkefninu í framtíðarhorf. Ætlunin er að kynna það betur þegar nær dregur.

Dýrfirðingar og nærsveitungar hafa brugðist mjög vel við þessu verkefni en þátttakendur koma líka frá Bolungarvík, Ísafirði og Arnarfirði, svo dæmi séu tekin. Þannig er enginn útilokaður. Markmiðið með þessu verkefni er m.a. að tengja norðanverða og sunnanverða Vestfirði saman með nokkurs konar þemaslóð. Síðan er hægt að tengja ýmiskonar uppákomur og ferðapakka við þetta þema sem verið er að draga yfir allt svæðið. Þetta eru kannski stærstu nýjungarnar á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu ásamt sögusýningum í Ögri, Djúpavík og Dalbæ.“

Komin yfir hugræna þröskuld

– En ef við snúum okkur að nýliðnu sumri: Hvernig finnst þér vertíðin hafa komið út?

„Þetta er væntanlega besta sumarið síðan ég kom hingað til starfa. Ég er búin að fara svolítið um svæðið að heimsækja ferðaþjónustuaðila eða þá að ég hef hringt til þeirra ef ég hef ekki komist. Það er ekki annað að heyra á fólki en þetta hafi gengið mjög vel í sumar. Meira að segja virðist bókunarstaðan fyrir næsta sumar vera mun betri en verið hefur á þessum árstíma, að minnsta kosti á mörgum stöðum. Þar fyrir utan er varla hægt að segja að ferðamannatímabilið sé búið, því septembermánuður var nokkuð góður.

Það sem stendur kannski upp úr er tjaldvagnabyltingin. Íslendingar virðast ferðast mikið með tjaldvagna og þeir hafa verið áberandi á Vestfjörðum í sumar. Þetta er býsna stór hópur eins og við sáum t.d. um verslunarmannahelgina. Ég man ekki eftir sumri þar sem hefur verið eins mikið um að vera á tjaldsvæðum.

Þó má ekki gleyma því að sumarið var okkur mjög hagstætt hvað veður snertir. Einnig virðumst við vera að komast yfir ákveðinn þröskuld sem hefur haldið Íslendingunum frá. Það var alltaf verið að væla yfir því að vegirnir væru ómögulegir og Vestfirðir óendanlega langt í burtu. En það sýnir sig að þetta var huglægur þröskuldur sem við erum að komast yfir.“

Þýskumælandi ferðamenn flestir

– Atvinnuþróunarfélagið í samstarfi við Ferðamálasam-

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

tök Vestfjarða framkvæmdi ferðamálakönnun í sumar með svipuðum hætti og gert var árið 2000. Á hverju ber helst þar?

„Þetta er líklega stærsta könnun af þessu tagi sem hefur verið gerð fyrir einn landshluta. Við erum búin að fá um þúsund svör en í síðustu könnun voru þau rúmlega sjö hundruð. Fljótt á litið eru flestir mjög ánægðir með fjórðunginn. Um 96% bæði útlendinga og Íslendinga segjast ætla að mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað, sem mér finnst ótrúlega góð niðurstaða. Bæði Íslendingar og útlendingar segjast afskaplega hrifnir af náttúrunni og mikilfengleika svæðisins.

Af útlendingum sem svöruðu eru kringum 58% þýskumælandi eða frá Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Þetta er áberandi öðruvísi samsetning en yfir landið í heild sinni þar sem Norðurlandabúar, Bandaríkjamenn og Bretar eru langfjölmennustu hóparnir.

Út frá tölulegum upplýsingum úr þessari könnun og öðru efni sem við höfum verið að safna gegnum árin ætlar Atvinnuþróunarfélagið í samstarfi við Ferðamálasamtök Vestfjarða að búa til markaðsáætlun fyrir Vestfirði til að geta unnið enn markvissar að kynningu á svæðinu innanlands og utan. Shiran Þórisson markaðsráðgjafi hjá Atvest hefur umsjón með áætlunargerðinni, sem er mikill kostur, því að hann er ekki eins nátengdur ferðaþjónustunni eins og t.d. ég og getur því komið að þessu sem hlutlaus aðili og lagt tölfræðina til grundvallar.“

Vita hvar Látrabjarg er

– Ef þú horfir örlítið lengra aftur, hafa orðið miklar breytingar á ferðaþjónstunni á þessum árum?

„Já, það hafa orðið miklar breytingar síðustu ár. Bæði er meiri fagmennska í því sem verið er að bjóða og aukið framboð á þjónustu. Núna höfum við t.d. yfir 60 gististaði á Vestfjörðum, mismunandi að gæðum en þó þetta marga.

Annað jákvætt dæmi er að ferðaþjónustuaðilar eru farnir að bregðast hraðar við fyrirspurnum. Áður útheimti það a.m.k. bæði heimsókn og símtal að fá einhverjar upplýsingar frá mörgum ferðaþjónustuaðilum. Núna get ég kallað eftir bæklingum eða einhverjum öðrum gögnum og í flestum tilvikum kemur það tafarlaust til mín.

Þetta er vísbending um stóraukna fagmennsku. Ferðaþjónustan er að vaxa úr grasi og menn eru farnir að taka þessa atvinnugrein alvarlega. Þetta er ekki lengur eingöngu sumarstarfsemi og frístundaleikur eins og oft var. Ferðaþjónusta er í vaxandi mæli raunveruleg atvinna hjá þeim sem að henni starfa. Auðvitað er það mismikið eftir árstíðum. Nú orðið eru talsvert mörg fyrirtæki rekin á ársgrundvelli þótt það sé kannski einungis með hálfum starfskrafti yfir rólegasta tímann.

Mér finnst menn meðvitaðri um hvað þeir eru að gera og jafnframt meðvitaðri um að Vestfirðir eru ein heild þó að hvert svæði hafi auðvitað sína sérstöðu. Ég hef í samráði við Ferðamálasamtök Vestfjarða alla tíð lagt mikla áherslu á að kynna Vestfirði út á við sem eina heild og tel það vera styrk svæðisins í dag.“

– Fólk kemur væntanlega inn í fjórðunginn á mismunandi stöðum og ferðast á milli...

„Vissulega, en mikið er um að ferðamenn fari Vestfjarðahringinn. Það á bæði við Íslendinga og útlendinga. Sérstaklega er gaman að sjá að flestir dvelja talsvert lengi á Vestfjörðum. Meðaldvalarlengd er á milli fjögurra og sjö daga sem er mjög gott. Það má heldur varla minna vera til að gera ferð hingað inn á fjórðunginn skemmtilega.“

– Nú ertu að nýkomin af Vestnorden-ferðakaupstefnunni. Er hún mikilvægur vettvangur fyrir ferðaþjónustuna?

„Þetta er náttúrlega stærsti markaðsvettvangurinn fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar, þar sem sérhæfðar ferðaskrifstofur koma og eru að leita eftir nýjungum. Þarna koma saman ferðaskrifstofur frá öllum heimshornum sem eru að selja ferðir til þessara landa og þær eru vitaskuld að skipuleggja hvað þær ætla að bjóða í framtíðinni. Á Vestnorden kom það skýrt fram, eins og við höfum fundið fyrir, að Vestfirðir eru ekki óskrifað blað lengur. Nú orðið getur maður klappað á öxlina á fólki, sagst vera með eitthvað nýtt og boðið því að skoða.

Fyrir nokkrum árum þurfti að byrja á því að draga upp landakort af Vestfjörðum og sýna hvar Látrabjarg væri, hvar Strandir væru o.s.frv. Núna spyrja menn miklu markvissara, t.d. hvort ný sigling sé í gangi, nýr gististaður eða eitthvað í þá veruna. Menn eru farnir að átta sig mun betur á svæðinu og hvað það hefur að bjóða. Sértaklega hefur Þjóðverjum, Hollendinum og Svisslendingum gengið vel að selja svæðið, bæði í hópferðum og skipulögðum einstaklingsferðum.“

Skuldahalinn til trafala

– Höfðar svæðið sérstaklega vel til þessara þjóða?

„Ég er ekki frá því. Þegar við skoðum ferðamálakönnunina sem ég vitnaði til áðan og förum yfir þá liði sem menn eiga að svara frá hjartanu, þá eru það náttúran, kyrrðin og einsemdin sem þessir ferðamenn mæra. Það er einkennandi að mörgum erlendum ferðamönnum finnst að það ætti að breyta svæðinu sem minnst, leyfa því að vera eins og það er. Þeir njóta þess að vera í kyrrð og lenda ekki í átroðningi og það höfðar sérstaklega til þeirra.

Ég er ekki hissa á þessu. Oft er þetta fólk sem er búið að afla sér tiltölulega mikillar þekkingar á Íslandi með því að lesa sér til áður en það kemur og því er engin tilviljun að það lendir hér. Oft eru þetta Íslandsvinir sem eru búnir að koma til Íslands áður en áttu svo Vestfirðina eftir. Flestum útlendingum nægir alveg það sem er í boði en aftur á móti virðast Íslendingar frekar vilja komast í einhvers konar hefðbundna afþreyingu. Útlendingunum virðist nægja að sitja bara og dingla löppunum einhvers staðar í fjörunni án þess að verið sé að bjóða upp á eitthvað sérstakt.“

– Það virðist þá vera bjart framundan...

„Vissulega erum við að sjá mjög jákvæð teikn og góðan árangur. En þetta er allt mjög viðkvæmt og menn mega alls ekki skýla sér við því að fjalla um vandamálin. Þetta er allt á réttri leið. En það má ekki horfa framhjá því að öllum sem eru að byggja upp ferðaþjónustu, hvort sem það er hér eða annars staðar á landinu, er gert mjög erfitt fyrir með núverandi bankakerfi, lánum og öllu sem því tilheyrir. Þó að það sé farið að ganga vel hjá mörgum er langt frá því að þetta séu einhver stórgróðafyrirtæki.

Þetta er í rauninni grátlegt en á ekki bara við einkafyrirtækin heldur alla þessa þjónustu sem verið er að byggja upp í tengslum við ferðamennskuna. Þetta gildir um öll þessi söfn og sýningar eins og Sauðfjársetrið, Galdrasýninguna, Safnið á Hnjóti og fleira og fleira. Flest þessara fyrirtækja, þó að þau líti vel út að utan, eru nærri því gjaldþrota af því að þau hafa ekki aðgang að nægilega öflugum styrkjum né hagstæðum lánveitingum og eru með langan skuldahala á eftir sér. Þetta er uppbyggingu í ferðaþjónstu verulega til trafala.“

Skrúfað fyrir styrkina

– Myndirðu þá segja að þetta væri helsta ógnunin sem stafaði að ferðaþjónustunni?

„Já, það virðist vera alveg sama hvað menn eru með góðar hugmyndir, fjármögnunin er alltaf flöskuhálsinn. Það er frábært fólk með góðar hugmyndir víða sem er líka tilbúið til að vinna sína heimavinnu til að koma hlutunum í gang. Mikil hætta er á að þessir frumkvöðlar gefist upp af því að þeir hafa ekki „þolinmótt fé“ eins og það er kallað og þurfa því að synda á móti straumnum.

Því miður endar það oft með því að menn hafa hreinlega ekki úthald lengur til að láta hlutina ganga upp. Þetta er mjög sorglegt og gjarnan mætti beina kastljósinu að þessu vandamáli. Ekki að ég vilji kvarta og kveina, en þetta er verulegt áhyggjuefni.“

– Er verið að vannýta tækifæri til atvinnuuppbyggingar með fjársvelti?

„Já, það tel ég vera. Nú hefur ríkisstjórnin t.d. varið milljörðum í framkvæmdir á Austurlandi, að mínu mati vafasamar. En ef einungis brot af þessu fé væri notað hér á Vestfjörðum til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum í ferðaþjónustu, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, þá værum við að byggja upp fjölda af störfum. Þó þau séu kannski ekki á heilsársgrundvelli, þá væri hægt að prjóna við þau síðar ef mönnum væri gert kleift að reka fyrirtækin.

Tökum Galdrasýninguna sem dæmi, af því að ég þekki hana nokkuð vel. Þetta er eitt frumlegasta fyrirtækið sem hefur sprottið upp á Vestfjörðum undanfarin ár. Galdrasýningin ein og sér hefur skapað allt að tólf manns sumarstarf. Samt gengur dæmið naumlega upp, því enn er ekki búið að klára þá uppbyggingu sem var fyrirhuguð sökum skorts á framkvæmdafé. Það dregur svo ótrúlega mikið úr kröftum fólks, sem kemur með góðar hugmyndir og er tilbúið að leggja margt á sig til að láta hlutina ganga, ef uppbyggingin stöðvast og engum tekst að klára neitt.

Hugsanlega fást styrkir á fyrsta árinu og kannski á öðru ári líka. En síðan er verkefnið ekki lengur í tísku og þá er bara lokað fyrir það. Verkefni af þessu tagi þyrfti að styðja duglega því uppbygging á menningu af þessu tagi er ekki bara fyrir ferðamenn heldur síðast en ekki síst fyrir heimamenn. Hún skapar aukið sjálfstraust og breytir hugmyndum manna um sjálfa sig og svæðið. Ég er svo hrædd um að ef þessir frumkvöðlar sem komu hlutunum af stað gefast upp, þá deyi verkefnin þegjandi og hljóðalaust ef þau eru ekki búin að festa sig nógu vel í sessi.“

Fjárfesting í ferðaþjónustu verður eftir

– Er þá hætta á að þessi gerjun sem nú er í gangi staðni og fólk gefist upp?

„Ég held nú að það muni ekki gerast en samt er maður hræddur um að það geti gerst. Við verðum að reyna að horfa bjartsýn á það sem framundan er. En þegar við erum að ræða um þessa erfiðleika sem atvinnugreinin býr við er rétt að minnast á það að þetta miðstýrða styrkjakerfi sem við búum við virkar stundum þveröfugt.

Ég vildi helst sjá þróunarsjóð til að spila úr sem hefði yfir ekki minna en hálfum milljarði að ráða. Ekki bara fyrir ferðaþjónustuna heldur fyrir öll þessi litlu fyrirtæki sem vilja hasla sér völl. Að hægt væri að veita þeim hagstæð lán eða beinlínis styrk svo úr gætu orðið fullburða fyrirtæki. Þá held ég að búseta væri líka frekar tryggð, því allt það sem fjárfest er í ferðaþjónustu og menningartengdum málum verður ekki flutt af svæðinu. Þú byggir ekki safn og flytur það með þér ef þú vilt flytja annað. Það sama gildir um gistiheimili, sumarhús eða hvað sem er. Yfirleitt eru þetta fjárfestingar sem verða eftir á svæðinu og eru hvatning til þess að menn velji sér áframhaldandi búsetu á svæðinu.

Mér finnst skorta skilning á þessu hjá þeim sem fara með fjárveitingavaldið. Allt of mikið er horft á eða leitað að stórum lausnum sem eru ekki til. Á meðan gleymast einstaklingarnir sem vilja láta drauma sína rætast.

En það eru nú einu sinni einstaklingarnir sem gera samfélagið okkur að samfélagi en ekki einhverjar lausnir sem verða til annars staðar. Þetta er nokkurn veginn í hnotskurn það sem mér finnst vera að“, sagði hinn þýskættaði íslenski ferðamálafulltrúi Dorothee Katrin Lubecki. Betur þekkt sem Dóra.

– kristinn@bb.is

Guðmundur Halldórsson formaður Smábátafélagsins Eldingar svarar gagnrýni:

Segir að menn með slæman málstað leggist flatir í lágkúruna

– kveðst vissulega hafa selt kvóta en það eigi eðlilegar skýringar

Guðmundur Halldórsson í Bolungarvík, formaður Smábátafélagsins Eldingar, segir það vissulega rétt að hann hafi selt kvóta í tvígang eins og andstæðingar hans hafi sakað hann um. Hins vegar hafi hann einvörðungu selt afrakstur eigin framtaks og ekki verið að taka heimildirnar frá öðrum í áhöfn. Auk þess segir Guðmundur að kvótasölur hans eigi sér afar eðlilegar skýringar.

„Þegar menn hafa slæman málstað að verja, þá fara þeir út í persónuleg mál sem ég tel að komi kvótakerfinu ekkert við. Fyrst að menn leggjast flatir í lágkúruna eins og þeir hafa gert Páll Halldórsson og Sigurjón Óskarsson í Vestmannaeyjum, þá er ekki annað hægt en að svara því. Sannleikurinn í þessu máli er vissulega sá að ég er búinn að selja tvisvar sinnum, það er rétt“, segir Guðmundur.

Í fyrra skiptið kveðst Guðmundur hafa verið að leita sér að atvinnu eftir að hann hætti á stærri skipum. „Ég var nýbúinn að kaupa mér 6 tonna bát og ætlaði að afla mér á hann réttinda þegar allt er kvótasett. Þá á ég svo litlar heimildir að útgerðin gengur einfaldlega ekki upp hjá mér. Þess vegna

Guðmundur Halldórsson.

seldi ég bátinn til að bjarga mér frá frekari vandræðum en auðvitað varð ég fyrir tjóni. Á þessum bát hafði ég róið einn og aflað þeirra réttinda sem á voru komin með eigin handafli.“

Guðmundur segir að ári seinna hafi hann keypt bát sem var svo lítill að hægt hafi verið að pissa út yfir borðstokkinn allan hringinn ef staðið væri í miðjunni. „Þetta var lítið horn sem mældist 2,8 tonn. Á þessum bát aflaði ég mér réttinda, einsamall á handfærum, auk þess sem ég keypti á hann heimildir. Síðan lét ég stækka hann, skipti um vél og kostaði fleiru til. Þannig mældist hann rúm 3 tonn. Hann var mér lífsviðurværi frá árinu 1992 þar til ég hætti á sjó eftir hálfrar aldar feril í sjómennsku. Ég sel frá mér þær heimildir sem ég hafði keypt og aflað sjálfur með eigin höndum til að setjast í helgan stein“, sagði Guðmundur Halldórsson, en hann er kominn á áttræðisaldur.

„Þetta nota menn til að gera mig tortryggilegan, sjálfsagt til þess að veikja mig í starfi sem formann Eldingar, en það mun þeim aldrei takast. Ég mun eflast við svona hnútukast enda af nógu að taka í þessum málaflokki. Ég vil nefna byggðarlögin sem núna eru í úlfakreppu út af kvótakerfinu: Hofsós, Bíldudalur, Raufarhöfn og nú síðast Seyðisfjörður. Hver verður næstur?“ spyr Guðmundur Halldórsson. *– kristinn@bb.is*

Sturla Páll tekur við prófdómaratöskunni úr hendi Önundar.

Þökkum hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Kristins Friðbjörns Ásgeirssonar (Dengsa)

Sérstakar þakkir til Kiwanisklúbbsins Bása og þeirra kvenna sem veittu okkur ómælda aðstoð á Þingeyri. Guð blessi ykkur öll.

Lína Þóra Gestsdóttir og aðstandendur.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004

43,5 milljónir til kaupa á dráttarbát á Ísafirði

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 óskar samgönguráðuneytið heimildar Alþingis til þess að styrkja Ísafjarðarhöfn til kaupa á dráttarbát. Í greinargerð segir: „Loks er farið fram á heimild til að veita Ísafjarðarbæ styrk til að kaupa dráttarbát að fjárhæð 43,5 m.kr. sbr. heimild í 24. gr. í hafnalögum um slíkar styrkveitingar. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir styrkveitingunni og því er lögð til frestun á nokkrum framkvæmdum á árunum 2003–2006 að fjárhæð 43,5 m.kr. svo veita megi styrkinn.“

Ef keyptur verður nýr bátur kemur hann í staðinn fyrir lóðsbátinn Þyt, sem kominn er nokkuð til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds.

Þær framkvæmdir sem rætt er um að fresta eru lýsing, lagnir og þekja á Sundahöfn á Ísafirði sem fyrirhuguð var á þessu ári, endurbygging á dráttarbraut á árinu 2004, ný flotbryggja í Sundahöfn á árinu 2005 og endurnýjun bátahafnar á árinu 2006. Er því framkvæmdum fjögurra ára í Ísafjarðarhöfn frestað til þess að koma í kring kaupum á bát.

Ekki er sjálfgefið að umræddar framkvæmdir komist aftur á samgönguáætlun. Þess vegna áskildi Halldór Halldórsson bæjarstjóri, í bréfi til samgönguráðherra, sér allan rétt til þess að sækja um að þessir liðir, sem væntanlega hverfa af áætlun nú, komi inn að nýju síðar. Ekkert kemur fram um slíkt í greinargerð samgönguráðuneytisins.

– hj@bb.is

Nýr prófdómari á ökuprófum

Sturla Páll tekur við af Önundi

Sturla Páll Sturluson, tollfulltrúi hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði, hefur tekið við starfi prófdómara á ökuprófum á Vestfjörðum af Önundi Jónssyni, yfirlögregluþjóni á Ísafirði, sem gegnt hefur starfinu síðastliðinn áratug. Önundur segist kveðja prófdómarahlutverkið með söknuði en vegna anna í störfum hans hjá lögreglunni á Ísafirði hafi hann ekki getað haldið því áfram. Þótt lögregluþjónar séu oft prófdómarar í bóklegum og verklegum ökuprófum hefur starfið ekkert með embætti sýslumanna að gera.

Umferðarráð hafði umsjón með ökuprófunum um margra ára skeið en nú eru þau framkvæmd af Frumherja hf. Prófdómararnir vinna því fyrir einkafyrirtækið Frumherja. Önundur segir að hins vegar sé oft sóst eftir lögreglumönnum í starfið, „enda lægju þeir í umferðarlögunum flesta daga“.

– kristinn@bb.is

Yfirlýsing: Guðjón stendur við ummæli sín

Vegna fréttar hér í blaðinu í síðustu viku barst eftirfarandi yfirlýsing frá Guðjóni Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar og starfandi formanni Héraðssambands Vestfirðinga (HSV): „Í tilefni af frétt um styrkveitingar Afreks- og styrktarsjóðs Ísafjarðarbæjar á þessu ári vil ég taka fram, að orð mín í fréttinni túlka ekki skoðanir stjórnar HSV. Ummælin eru hins vegar rétt og við þau stend ég.“

Allir togara HG lönduðu í vikubyrjun

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS, skip HG, kom til hafnar á Ísafirði á sunnudag með um 280 tonn af afurðum og var aflaverðmætið um 86 milljónir króna. Samtals var aflinn um 520 tonn upp úr sjó, mest þorskur. Rækjutogararnir Andey og Stefnir, sem einnig eru gerðir út af HG, komu til Súðavíkur á mánudag. Andey landaði um 16 tonnum af ísrækju og Stefnir um 20 tonnum. Páll Pálsson ÍS, ísfisktogari HG, kom til Ísafjarðar á mánudag með um 84 tonn og var uppistaðan í aflanum þorskur. ***– kristinn@bb.is***

Bræðratunga í Tungudal ennþá óseld

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er ákvæði um að fjármálaráðherra verði heimilað að selja Bræðratungu í Tungudal, þar sem nú er sambýli fatlaðra. Bræðratunga var auglýst til sölu í vor og var hæsta boð að upphæð tæpar 34 milljónir króna. Þegar ganga átti frá sölu kom í ljós að húseignirnar voru án lóðarréttinda og hafði láðst að huga að því máli áður en eignirnar voru auglýstar. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneyti er vonast til þess að skjalavinnu ljúki fljótlega. Í framhaldi af því verði hægt að ganga frá sölunni. *– hj@bb.is*

Veigamiklar endurbætur á Grundarhólskirkjugarði í Bolungarvík

Minnismerki um drukknaða og horfna vígt annan laugardag

Hellulagt torg verður í miðjum garðinum.

Halldór Páll Eydal, kirkjugarðsvörður í Bolungarvík, segir endurbótum á Grundarhólskirkjugarði hafa miðað vel og séu þær langt komnar. Verið er að helluleggja aðalstíg í gegnum garðinn og búa til torg í honum miðjum. Þar á að koma fyrir minnisvarða um drukknaða sjómenn og þá sem horfnir eru. Einnig verður hellulagt kringum þjónustuhús og vatnshanar færðir. Bætt verður við lýsingu í garðinum með sex nýjum ljósastaurum og skipt um möl í göngustígum.

„Þá verður kominn fallegur heildarsvipur á garðinn. Að auki verða plönin beggja vegna garðsins löguð. Þannig verður aðkoman mun snyrtilegri og fallegri.“

Hellulögnin er unnin af Lystigörðum ehf. í Reykjavík en Halldór Páll segir starfsmenn þar hafa mikla reynslu af vinnu í kirkjugörðum. Jarðvinna hefur verið í höndum Sigurgeirs Jóhanssonar í Bolungarvík. Guðmundur Rafn Sigurðsson, landslagsarkitekt og umsjónarmaður kirkjugarða hjá Kirkjugarðaráði, hefur séð um hönnun garðsins.

Á árunum 1996 til 1998 hlóð Kristinn Ingi Gunnarsson afar fallegar hleðslur í garðinum sem nú fá nokkurt viðhald. „Endarnir á hleðslunum voru aðeins farnir að losna og torfið ofan á þeim hefur viljað sólbrenna í köntunum. Allt þarf þetta auðvitað viðhald. Ari Jóhannesson hleðslumaður lagaði þetta fyrir okkur ásamt Hálfdáni Ingólfssyni héðan úr Bolungarvík“, segir Halldór Páll.

Í torginu verður skilið eftir óhellulagt krossmark. Ætlunin er að koma minnismerkinu fyrir í miðju krossmarkinu en leggja fjörugrjót út frá því. „Meiningin er að þarna geti fólk minnst ástvina sinna, sem hafa ekki fundist, með því að láta sandblása nöfn þeirra í fjörugrjótið.“

Listamaðurinn Elísabet Haraldsdóttir gerir minnismerkið en það er gefið af Maríu Haraldsdóttur, ekkju Guðfinns Einarssonar, og reist til minningar um hann. „Minnismerkið sjálft er ekki komið til okkar en við ætlum að vera búnir að setja það upp og vígja síðan laugardaginn 18. október en Guðfinnur hefði átt afmæli 17. október“, sagði Halldór Páll. – *kristinn@bb.is*

Verið er að endurnýja stíga í garðinum.

Hleðslur hafa verið lagfærðar.

Stærsta síldarflakaverksmiðja heims opnuð í Þýskalandi

Karaþvottakerfið kemur frá 3X-Stáli á Ísafirði

Höfuðstöðvar 3X-Stál á Ísafirði.

Tæknifyritækið 3X-Stál á Ísafirði, sem hannar og smíðar vinnslulausnir fyrir sjávarútveg, sér síldarflakaverksmiðjunni Euro Baltic í Þýskalandi fyrir karaþvottakerfi. Verksmiðjan er á eynni Rügen við Eystrasaltsströnd Þýskalands og var opnuð formlega á laugardag.

Jón Páll Hreinsson, markaðsstjóri 3X-Stáls, segir verksmiðjuna þá stærstu sinnar tegundar í heiminum. Jafnframt sé þetta stærsta verkefnið sem 3X-Stál hafi ráðist í á sviði karaþvottar. Afar fullkomin og afkastamikil karaþvottavél var afhent til fyrirtækisins í vor ásamt sjálfvirkum búnaði til áfyllingar og stöflunar á tómum körum.

Jón Páll segir verksmiðjuna um 17 þúsund fermetra að stærð. Tæknin innanhúss byggist á sjálfvirkum róbótum, færiböndum og öllum nýjasta búnaði til fiskvinnslu sem völ er á í heiminum í dag. Kostnaður við verkefnið hefur verið áætlaður um 100 milljónir evra eða um 8,5 milljarðar íslenskra króna.

Nokkrir íslenskir framleiðendur tæknilausna tóku þátt í uppbyggingu verksmiðjunnar. Meðal annars eru öll kör sem þar eru notuð frá Sæplasti hf.

Jón Páll Hreinsson segir starfsmenn 3X-Stáls stolta af því að taka þátt í þessu verkefni þar sem hvarvetna hafi verið áhersla á mikil gæði og áreiðanleika þess búnaðar sem fjárfest var í vegna verksmiðjunnar . – *kristinn@bb.is*



Karaþvottavél 3X-Stáls hjá Euro Baltic í Þýskalandi.

Látinn sofa úr sér í fangageymslu

Einn karlmaður gisti fangageymslu lögreglunnar á Ísafirði aðfaranótt laugardags. Hann hafði látið ófriðlega á veitingastað og var látinn sofa úr sér áfengisvímuna á lögreglustöðinni. Ísafjarðarlögregla hafði afskipti af fjórum ökumönnum vegna hraðaksturs í liðinni viku. Höfð voru afskipti af 16 ára gömlum ökumanni fjórhjóls. Hjólið reyndist vera ljóslaust og ökumaðurinn ekki með öryggishjálm. Þá hafði lögreglan afskipti af tveimur drengjum á reiðhjólum sem reyndust ekki vera með lögskyldan hjálm á höfði. – *kristinn@bb.is*

Óskað heimildar til að selja læknisbústað

Í fjárlagafrumvarpi er óskað heimildar til að selja eignarhlut ríkisins í Seljalandsvegi 73 á Ísafirði og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ. Ríkið á húsið að 85 hundraðshlutum á móti heilsugæslunni á Ísafirði. Húsið hefur frá upphafi verið nýtt sem læknisbústaður. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti er hér ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Eins og kunnugt er á ríkið fjölda húseigna á landinu sem sem notuð eru fyrir embættismenn. – *hj@bb.is*

Vill einhver kaupa flugstöð eða prestsetur?

Í fjárlagafrumvarpinu kennir að venju margra grasa. Meðal þess sem fjármálaráðherra óskar eftir og snertir Vestfirði eftir má nefna: Að selja flugafgreiðslu í Holti í Önundarfirði. Að selja Bræðratungu á Ísafirði. Að selja prestsbústaðinn Bakkatún á Bíldudal. Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð. Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli. Að selja jörðina Kirkjuból í Bjarnardal í Önundarfirði. Að selja jörðina Svalvoga í Dýrafirði ásamt öðrum húseignum en vitanum. – *hj@bb.is*

smáar

Óska eftir að kaupa píanó og þrekhjól. Uppl. í síma 456 4727 eða 849 0128, Berglind.

Óska eftir utanáliggjandi módemi fyrir PC tölvu ásamt kapli. Uppl. í síma 695 1886.

Til sölu eru negld vetrardekk á stálfelgum undir Subaru Legacy árg. 1999. Dekkin eru notuð í einn vetur og heilkoppar fylgja með. Verð kr. 40 þús. Upplýsingar í síma 456 3170.

Til sölu er Skoda Octavia árgerð 2000, ekinn 62 þús. km. Uppl. í síma 869 8015 og 867 9665.

Óska eftir eldhúsinnréttingu gefins eða fyrir lítinn pening. Á sama stað er til sölu Chico barnavagn. Uppl. í síma 848 6013.

Til sölu er MMC Lancer árg. 94. Uppl. í síma 868 7509.

Til sölu er Subaru Justy árg. 1991, fjórhjóladrifinn, ekinn 137 þús. km. Uppl. í síma 861 0070.

Til sölu eru fjögur nagladekk, 195/70/14. Mjög lítið notuð. Uppl. í síma 861 0070.

Til sölu eru fjórar 14" álfelgur undan Peugeot 306. Á sama stað er óskað eftir 33" negldum snjódekkjum fyrir 15" felgur. Uppl. í síma 861 0070.

Til sölu er Subaru Impresa árg. 98, ekinn 105 þús. km. Spoiler og vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. í síma 894 8836.

Til sölu er Dracco ungbarnabílstóll, poki og höfuðpúði fylgja með. Nýr og mjög vel með farinn stóll. Uppl. í síma 456 5319.

Til sölu eru 8 stk. nælon síldarnet. Uppl. í síma 456 3663.

Til sölu er Nissan Pathfinder árg. 1989. Þarfnast smá lagfæringar en lítur mjög vel út. Tilboð óskast. Uppl. í síma 846 0793.

Til sölu er 150m² einbýlishús á tveimur hæðum við Hlíðarstræti 22 í Bolungarvík. Fjögur svefnherbergi. Uppl. í síma 438 6541.

Dagmamma óskast fyrir 8 mánaða stelpu frá kl. 9-13. Upplýsingar í síma 456 5319.

Til sölu er fallegt og vandað barnarúm úr gegnheilli furu. Stærð: 70x190. Á sama stað er til sölu lítið notuð barnakerra. Uppl. gefur Sigríður í síma 456 6138.

Til sölu er 140 cm hár ísskápur, eldhúsborð, 130x190 cm, ISDN sími, Rossignol skíði, 140 cm og skór, sólargluggatjald 205x180 cm og borð úr Miru. Upplýsingar í síma 863 1616.

Vestfirðingar! Ef þið þurfið að fara til Reykjavíkur, þá höfum við góða íbúð handa ykkur í hjarta borgarinnar. Uppl. í símum 487 8944 eða 554 6396.

Til sölu er bílskúr við Mánagötu 2. Eignarlóð. Stærð: 60m². Verð kr. 1,5 milljónir. Upplýsingar í síma 456 3051.

Bolungarvík

Aukin þjónusta

Forsvarsmenn Íþróttamiðstöðvarinnar Árbæjar í Bolungarvík hafa ákveðið að auka þjónustuna við bæjarbúa með því að opna fyrr á morgnana.

Hingað til hefur íþróttamiðstöðin opnað kl. 8 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum en verður nú frá kl. 7. Um er að ræða tilraun sem endurskoðuð verður um áramót.

Í tilkynningu frá Árbæ eru Bolvíkingar hvattir til að nýta sér þessa þjónustu svo framhald verði á.

Extreme Ironing: Ný bók um sérstæða jaðaríþrótt

Nafn Menntaskólans á Ísafirði skráð í sögu háskastraujunar

Nafn Menntaskólans á Ísafirði hefur verið skráð í sögu háskastraujunar á heimsvísu. Nýlega kom út bók um þessa sérstæðu íþróttagrein þar sem getið er háskastraujunarleiðangurs vaskra pilta úr MÍ sem farin var upp í Þjófaskörð milli Skutulsfjarðar og Hnífsdals í tilefni af Sólrisuhátíð skólans í mars á þessu ári. Þangað fóru ásamt fríðu föruneyti þeir Gylfi Ólafsson og Ingvar Alfreðsson, fótgangandi og á vélsleðum.

Þegar upp var komið tóku þeir fram straujárn og straubretti og struku lín. Með þessu urðu þeir fyrstir til þess að iðka háskastraujun á Íslandi. Ferðin fékk mikla umfjöllun og eftirtekt í fjölmiðlum og síðast en ekki síst hjá öðrum háskastraujurum sem er að finna víða um heim.

Útgefendur bókarinnar Extreme Ironing fengu pata af þessum leiðangri og tileinkuðu honum síðu í bók sinni. Þar er mynd af Ingvari og Gylfa að nostra við kragana á skyrtum sínum ásamt umfjöllun um ferðina. Þess má geta að myndin prýðir einnig baksíðu bókarinnar ásamt þremur öðrum myndum.

Háskastraujun er tiltölulega ný grein í flokki jaðaríþrótta. Í stuttu máli snýst sportið um að draga fram og brúka straubúnað á ólíklegum stöðum.

Í bókinni Extreme Ironing, eða háskastraujun eins og það útleggst á íslensku, er fjallað ítarlega um íþróttina. Bókin er um 100 blaðsíður og fjallað er þar um straujanir í ýmsum löndum, tæknina við að strauja og mismunandi strauhætti, svo fátt eitt sé nefnt. Áhugasamir geta pantað bókina frá vefversluninni Amazon.co.uk.

Myndin fræga: Gylfi og Ingvar við háskastraujun í Þjófaskörðum.

Hjartans þakkir sendum við öllu því góða fólki, sem sýndi okkur samúð í orði og verki við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa

Kristins Jóns Jónssonar

Ólafía Aradóttir

Jón Guðni Kristinsson — Ragnheiður Gunnarsdóttir
Halldóra Kristinsdóttir — Baldur Jónasson
Hugrún Kristinsdóttir — Gunnar Gaukur Magnússon
og barnabörn

Anton Collins var látinn taka pokann sinn hjá KFÍ

Nýr bandarískur leikmaður fenginn í staðinn

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar (KFÍ) hefur samið við nýjan erlendan leikmann í stað Antons Collins. Nýi leikmaðurinn heitir Adam Spanich, 27 ára gamall Bandaríkjamaður. Hann er 201 cm á hæð og spilaði síðast í Ástralíu. Hann var væntanlegur til landsins í þessari viku.

Stjórn KFÍ ákvað í síðustu viku leysa Anton Collins undan samningi. Hann lék í stöðu miðherja og var ráðinn til félagsins í júlí og kom til landsins í endaðan ágúst. Þegar hann kom var hann sagður góð viðbót við leikmannahóp félagsins og væri hans styrkur að skora undir körfunni auk þess að vera „gífurlegur frákastari“, eins og það var orðað.

Fyrsti leikur KFÍ í úrvalsdeildinni er heimaleikur í íþróttahúsinu á Torfnesi annað kvöld gegn Haukum úr Hafnarfirði. *– hj@bb.is*

Iðnaðarhúsnæði

Til sölu eða leigu er 160m2 iðnaðarhúsnæði.

Nánari upplýsingar í síma 456 4295 eða 695 4295.

STAKKUR SKRIFAR

Rækjan í Djúpinu

Alþingi er sest að vinnu sinni. Fróðlegt verður að sjá hver hin nýju lög vetrarins verða. Margt hefur verið boðað í þeim efnum, svo sem lög um bann við kaupum á vændi, hvort sem það er nú mikilvægasta úrlausnarefni Alþingis eður ei. Línuívilnun verður víst frestað og sjá ýmsir tormerki á því að henni verði komið á. Hún snýst um úthlutun takmarkaðara gæða. Undanfarin ár hefur kvóti verið minnkaður ár frá ári og útgerðarmenn hafa tekið því þegjandi með þá von í huga, að staðan snúist við á næstunni. Sú virðist nú raunin, en nú vilja allir komast yfir viðbótina, aukinn kvóta.

Ekki verður annað séð en sú góða kennslubók, sem notuð var til lestrarkennslu fyrir áratugum, og margir kannast við, þeir er komnir eru til nokkurs þroska, Litla gula hænan, sanni enn einu sinni gildi sitt. Enginn vill sá, uppskera, þreskja eða mala kornið, baka eða yfirleitt leggja til vinnuna, sem býr að baki því að hin fullunna vara komist í verð, komist hann hjá því og geti notið afrakstursins með einfaldara hætti. Allir þeir sem ekki höfðu tíma til þess að hjálpa litlu gulu hænunni við undirbúning þess að brauðið varð til voru að sjálfsögðu reiðubúnir að eta brauðið. Afraksturinn er venjulega mun eftirsóknarverðari en fyrirhöfnin við að ná honum, þótt ekki sé það algilt og margir trúi því að á Vestfjörðum séu menn tilbúnir að leggja hart að sér fyrir afraksturinn og árangurinn.

Tvennt vekur sérstaka athygli. Annars vegar sá mikli afli sem smábátarnir koma með að landi og nægir að nefna tvo aflahæstu bátana í Bolungarvík, sem veiddu þriðjung þess afla er Júlíus Geirmundsson, flaggskip Vestfjarðaflotans, kom með að landi á sama tíma. Það er óneitanlega mikið að koma með 849 tonn að landi af einum smábáti, svo sem raunin er með Guðmund Einarsson ÍS 155. Hrólfur Einarsson ÍS 255 kom með 713 tonn að landi, Júlíus kom með 4.399 tonn. Útgerðarmaðurinn Einar Guðmundsson vill meina að línúútgerð sé dýrasta útgerðaraðferðin sem notuð er og telur að þegar búið sé að njörva þessar veiðar í kvótakerfið verði það að teljast sérkennilegt að mega ekki veiða hann í net eða dragnót, á þann hátt sem hagkvæmastur reynist. Af þessu má ljóst vera að takmörkuð gæði valda ávallt ágreiningi, allir vilja eignast sem mest og hafa sem minnst fyrir því að koma þeim í verð. Fróðlegt verður að fylgjast með umræðu á Alþingi í vetur.

Stóra áhyggjuefnið er ástand rækjustofnsins, um það verða tæpast sett lög. Ekki hefur verið veitt leyfi til þess að veiða rækju í Ísafjarðardjúpi, svo léleg er staðan á stofninum. Vilja menn kenna um staðbundnum þorskstofni, sem étur rækjuna, því hún hefur vaxið í Arnarfirði og kvótinn þar verið aukinn. Ekki er bjart framundan og fátt til ráða, en ljóst að sjómenn og samfélagið verða af miklum tekjum við óbreytt ástand. Nú reynir á vísindamenn að finna lausnir til þess að Ísafjarðardjúp verði áfram sú gullkista, sem skilað hefur miklum verðmætum af rækjuveiðum og vinnslu. En eitt er víst að margir munu líða fyrir það að rækjuveiði verði lítil eða engin úr Djúpinu. Forvitnilegt verður að fylgjast með því til hverra úrræða verður gripið, pólitískt og af hálfu vísindamanna. Sjórinn er okkur Vestfirðingum sú auðlind, sem við getum ekki verið án. Við þurfum að nýta hana af skynsemi og ná um hana samkomulagi svo vel fari.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Októberátak gegn brjóstakrabbameini

Almennur fræðslufundur á Ísafirði annað kvöld

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði hefur frá því í síðustu viku verið sveipað bleiku ljósi þegar skyggja fer. Tilgangurinn er að minna á baráttuna gegn brjóstakrabbameini. Í október eru ýmsar þekktar byggingar lýstar upp með þessum hætti og í fyrra var gamla sjúkrahúsið á Ísafirði (Safnahúsið) bleiklitað þegar skyggja tók.

Annað kvöld, fimmtudagskvöld, gangast Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum og Samhjálp kvenna fyrir almennum fundi á Hótel Ísafirði undir nafninu Árvekni um brjóstakrabbamein. Frummælendur verða Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir á Ísafirði, Kristbjörg Þórhallsdóttir, fyrrverandi formaður Samhjálpar kvenna, og Guðrún Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, núverandi formaður. Á fundinum verður greint frá októberátakinu og samskiptum við systurfélög í útlöndum, bæði stuðningsfélög og baráttuhópa gegn brjóstakrabbameini. Eftir framsöguerindi verða umræður og spurningum svarað.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði baðað bleiku ljósi.

Krabbameinsfélagið Sigurvon hvetur konur sérstaklega til að koma á fundinn, svo og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu. „Það er von okkar að með þessu stuðlum við að árvekni um brjóstakrabbamein og frekari fræðslu um þennan sjúkdóm. Því ítrekum við að konur notfæri sér þær upplýsingar sem fagfólkið kemur með á fundinum en allir eru velkomnir“, segir í tilkynningu frá Sigurvon.

– kristinn@bb.is

VEGAGERÐIN

Vélamaður Ísafirði

Staða vélamanns hjá þjónustusvæði Vegagerðinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og fjármálaráðherra.

Starfssvið:
- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Réttindi til að aka bifreið sem er 3.500 kg að heildarþyngd eða meira
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum æskileg
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknaverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar veita Geir Sigurðsson hjá Vegagerðinni í síma 522 1661 og Davið Freyr Oddsson (david@mannafl.is) hjá Mannafli í síma 540 7100. **Umsóknarfrestur er til og með 20. október n.k.** Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til Mannafls Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi merkt: „Vegagerðin – vélamaður Ísafirði“.

IMG

Mannafl
RÁÐNINGAR OG RÁÐGJÖF

Mannafl: Smiðjuvegur 72 200 Kópavogur Sími 540 7100 mannafl@mannafl.is
Mannafl: Skipagata 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

HAUSTDAGAR - DÝNUDAGAR

Viltu góðan svefn og láta þér líða vel í rúmi frá Jensen?

Norðmaðurinn Jörn verður á Húsgagnaloftinu10. og 11. október með kynningu á Jensen dýnukerfinu og aðstoðar með val á dýnum eða rúmi.

ÝMSAR VÖRUR Á TILBOÐI:

Verðdæmi:
Leðurhornsófi..... Verð áður kr. 217.800,-
Afsláttur kr. 32.670,-
Verð nú kr. 185.130,-

Svefnsófi 2ja sæta.. Verð áður kr. 84.590,-
Afsláttur kr. 15.590,-
Verð nú kr. 69.000,-

Sófaborð..... Verð áður kr. 43.600,-
Afsláttur kr. 10.000,-
Verð nú kr. 33.600,-

helgar dagbókin

Sjónvarp · veður · skemmtanir · íþróttir · fólk · fréttir · kirkjustarf

Öryggisherbergið

Öryggisherbergið, eða Panic Room, er spennutryllir af bestu gerð sem Stöð 2 sýnir kl. 21:40 á laugardagskvöld. Meg er nýskilin og er að koma sér fyrir í stóru húsi í New York ásamt ungri dóttur sinni, Söru. Á sama tíma undirbýr hópur manna innbrot í húsið til að sækja fjármuni sem þar eru faldir. Óþokkarnir láta til skarar skríða en mæðgurnar vakna og leita skjóls í öruggasta herberginu í húsinu. Þar með hefst nótt sem enginn gleymir í bráð. Aðalhlutverk leika Jodie Foster, Kirsten Stewart, Forest Whitaker og Jared Leto. Myndin sem er frá árinu 2002 er stranglega bönnuð börnum.

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Norðan 10-15 m/s og él um landið norðanvert, en úrkomulítíð og bjart með köflum syðra. Hiti nálægt frostmarki.

Horfur á föstudag:
Minnkandi norðanátt og stöku él norðaustanlands, en léttskýjað sunnan- og vestanlands. Áfram svalt í veðri.

Horfur á laugardag:
Vaxandi suðaustanátt og þykknar upp sunnan og vestanlands, en bjart veður á Norðausturlandi. Hlýnandi veður.

Horfur á sunnudag:
Suðlæg átt og rigning, en úrkomulítíð norðanlands. Hiti 2 til 10 stig.

Horfur á mánudag:
Suðlæg átt og rigning, en úrkomulítíð norðanlands. Hiti 2 til 10 stig.

sportið

Sjónvarpið:
Föstudagur 10. október:
Kl. 04:50 – Formúla 1: Bein útsending frá tímatökunni í Japan.

Laugardagur 11. október:
Kl. 14:50 – Bein útsending frá leik Þjóðverja og Íslendinga í knattspyrnu.
Kl. 05:00 – Formúla 1: Bein útsending frá Japan.

Sýn:
Laugardagur 11. október:
Kl. 16:50 – Landsleikur í knattspyrnu: Tyrkland – England í Tyrklandi.

Sunnudagur 12. október:
Kl. 16:40 – Meistaradeild Evrópu í handbolta: Haukar – Barcelona
Kl. 20:00 – NFL- deildin: Denver Broncos – Pittsburgh Steelers.

SVT1 og SVT2:
Laugardagur 11. október:
Kl. 15:00 – Bein útsending frá leik Svíþjóðar og Litháa í knattspyrnu.

TV2 Danmark:
Laugardagur 11. október:
Kl. 16:00 – Bein útsending frá leik Noregs og Lúxembourg í knattspyrnu.

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Fjölskylduguðsþjónusta á sunnudag kl. 11:00. Barnakór Tónlistarskólans syngur undir stjórn Rúnu Esradóttur.

Hnífsdalskapella:
Sunnudagaskóli kl. 13:00.

Flateyrarkirkja:
Krakkaklúbbur kirkjunnar á miðvikudögum kl. 16:30. Fjölskylduguðsþjónusta á sunnudag kl. 14:00.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

www.ruv.is

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 10. október

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Anna í Grænuhlíð (12:26)
18.30 Snjallar lausnir (7:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Disneymyndin - Póstur til foringjans *(Mail to the Chief)* Fjölskyldumynd frá 2000 um strák sem eignast vin á spjallrás á Netinu en kemst seinna að því að nýi vinurinn leynir á sér. *Leikstjóri: Eric Champnella. Aðalhlutverk: Randy Quaid og Bill Switzer.*
21.00 Edduverðlaunin. Bein útsending frá afhendingu Edduverðlaunanna, íslensku sjónvarps- og kvikmyndaverðlaunanna, á Hótel Nordica í Reykjavík.
23.30 Flöskuskeyti *(Message in a Bottle).* Bandarísk bíómynd frá 1999. Kona finnur hjartnæmt ástarbréf í flösku á strönd og er staðráðin í að hafa uppi á höfundi þess. *Aðalhlutverk leika Kevin Costner, Robin Wright Penn, Paul Newman og John Savage.*
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
04.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Japan.

Laugardagur 11. október

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Tommi togvagn (15:26)
09.09 Bubbi byggir (8:39)
09.20 Albertína ballerína (37:39)
09.35 Strákurinn (1:6)
09.45 Gulla grallari (51:52)
10.07 Fræknir ferðalangar (6:26)
10.30 Orkuboltinn (1:8) (e)
11.00 Geimskipið Enterprise (4:26)
11.45 Formúla 1. Upptaka frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Japan í nótt. **(e)**
13.00 Opna breska meistaramótið í golfi 2003. Samantekt frá mótinu.
14.00 Landsleikur í fótbolta. Upphitun
14.50 Landsleikur í fótbolta. Bein útsending frá leik ***Þjóðverja*** og ***Íslendinga*** í undanriðli Evrópumótsins sem fram fer í Hamborg.
17.05 Landsleikur í fótbolta. Sýndur verður leikur Skota og Litháa sem fram fór á Hampden Park í Glasgow fyrr um daginn.
18.45 Táknmálsfréttir
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.30 Spaugstofan. Það er komið að fyrsta þætti Spaugstofunnar á þessum vetri þar sem Karl Ágúst, Pálmi, Randver, Sigurður og Örn sýna áhorfendum samtímaviðburði frá nýju sjónarhorni.
21.00 Með Beckham-snúningi *(Bend It Like Beckham)* Bresk bíómynd frá 2002. Dóttir strangtrúaðra síka gerir uppreisn gegn foreldrum sínum og stingur af til Þýskalands með fótboltaliði. *Aðalhlutverk: Parminder K. Nagra, Keira Knightley, Jonathan Rhys-Meyers, Anupam Kher og Archie Panjabi.*
22.50 Á elleftu stundu *(Nick of Time)* Spennumynd frá 1995 um mann sem verður fyrir því að dóttur hans er rænt og honum sagt að fremji hann ekki morð fyrir mannræningjana verði hún drepin. *Meðal leikenda eru Johnny Depp, Courtney Chase, Charles Dutton, Christopher Walken, Marsha Mason og Peter Strauss.*
00.15 Beck - Hefndarhugur *(Beck: Hämndens pris)* Sænsk sakamálamynd frá 2001 þar sem lögreglumaðurinn Martin Beck rannsakar morð á tveimur starfsbræðrum sínum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. *Aðalhlutverk leika Peter Haber, Mikael Persbrandt, Sophie Tolstoy, Marie Göranzon, Per Morberg og Ingvar Hirdwall.* **(e)**
01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
05.00 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Japan.

Sunnudagur 12. október

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Otrabörnin (48:65)
09.05 Disneystundin
09.23 Sígildar teiknimyndir (6:42)
09.30 Gengið (6:28)
09.57 Draumaduft (3:13)
10.09 Ungur uppfinningamaður
10.30 Orkuboltinn (2:8) (e)
11.00 Spaugstofan (1:30) (e)
11.30 Formúla 1. Upptaka frá kappakstrinum í Japan í nótt. **(e)**
14.00 Laugardagskvöld með Gísla
14.45 At (e)
15.15 Víkingar: DNA-slóðin rakin
15.45 Mósaík (e)
16.15 Hafið, bláa hafið - Hafdjúpin
17.05 Hætta í háloftunum *(Panorama: Economy Class Syndrome)* Bresk heimildarmynd. Talið er að hundruð Breta deyi árlega af völdum blóðtappa sem myndast í fótum vegna hreyfingarleysis á löngum flugferðum. **(e)**
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar.
18.30 Göldrótta frænkan (3:3)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Víkingar: DNA-slóðin rakin
20.30 Nikolaj og Julie (10:16)
21.15 Helgarsportið
21.40 Leynileg kynni *(Le fate ignoranti)* Ítölsk bíómynd frá 2001. Eftir að eiginmaður Antoniu deyr kemst hún að því að hann hélt fram hjá henni með karlmanni. Hún fer á fund viðhaldsins en á erfitt með að segja því og vinum þess hver tengsl hennar við hinn látna voru. *Aðalhlutverk leika Stefano Accorsi og Margherita Buy.*
23.30 Kastljósið (e)
23.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

www.stod2.is

Föstudagur 10. október

06:58 Ísland í bítið
09:00 Bold and the Beautiful
09:20 Í fínu formi
09:35 Oprah Winfrey
10:20 Ísland í bítið
12:00 Neighbours
12:25 Í fínu formi
12:40 Reba
13:00 Jag
13:45 Amazing Race
14:30 60 Minutes II
15:15 Dawson´s Creek
16:00 Barnatími Stöðvar 2
17:15 Neighbours
17:45 Dark Angel
18:30 Ísland í dag
19:00 Fréttir Stöðvar 2
19:30 Ísland í dag
20:00 The Simpsons
20:30 Idol-Stjörnuleit. Þáttur 4 - Forval 1 hluti (80-60) 90 söngvarar hlutu náð fyrir augum dómnefndarinnar eftir tvö áheyrnarpróf í Reykjavík og á Akureyri. Idol - Stjörnuleit heldur áfram og nú er að sjá hvaða keppendur heilla Bubba, Siggu Beinteins og Þorvald Bjarna öðru sinni.
21:20 Bernie Mac
21:50 George Lopez
22:15 Punk´d
22:40 Óvissubíó Stöðvar 2. Hvaða mynd langar þig að sjá í kvöld? The Mean Machinge(1), Houseguest(2) eða 48 Hours(3)? Sendu sms-ið STOD2 í númerið 1909 og þú hefur gefið þinni mynd atkvæði. STOD2 1, STOD2 2, STOD2 3 í númerið 1909, sms-ið kostar 39.- kr.
00:20 Town & Country *(Úr bæ í borg)* Pottþétt gamanmynd með úrvalsleikurum. Porter Stoddard er mikilsmetinn arkitekt í New York. Hann stendur nú á ákveðnum tímamótum í lífi sínu og veit ekki í hvorn fótinn hann á að stíga. Við kynnumst líka eiginkonu hans, Ellie, og vinahjónum þeirra, Monu og Griffin. Á yfirborðinu er líf þeirra slétt og fellt en undir niðri er samt aðkallandi mál sem þarfnast lausnar hið fyrsta. *Aðalhlutverk: Warren Beatty, Diane Keaton, Andie MacDowell, Garry Shandling, Goldie Hawn, Jenna Elfman.*
02:00 Orgazmo. Joe Young er leikari sem gengur illa að slá í gegn í Hollywood. Stóra tækifærið kemur þó þegar hinn annálaði klámmyndaleikstjóri MAxxx Orbison sér í honum efni í nýja klámmyndastjörnu. Joe lætur loks undan og slær í gegn sem hin nýja klámofurhetja Orgazmo sem er færari í að fullnægja konum en nokkur annar! *Aðalhlutverk: Trey Parker, Dian Bacher, Robyn Lynne Raab.*
03:30 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 11. október

08:00 Barnatími Stöðvar 2
09:55 See Spot. *(Hvutti á flótta)* Gamanmynd. Bréfberi aumkar sig yfir hund og tekur hann að sér. Þetta er hins vegar enginn flækingshundur, heldur sérþjálfaður fíkniefnahundur alríkislögreglunnar sem strauk úr vitnaverndinni. Þetta veit bréfberinn ekki og ekki heldur að morðingjar eru á hælum hundsins. *Aðalhlutverk: David Arquette, Michael Clarke Duncan, Leslie Bibb.*
11:30 Yu Gi Oh
12:00 Bold and the Beautiful
13:45 Football Week UK.
14:10 Robbie Williams *(Swing Where You´re Winning)* Upptaka frá tónleikum með breska popparanum Robbie Williams sem haldnir voru í Royal Albert Hall í Lundúnum. Robbie flytur lög af plötunni Swing when You´re Winning og nýtur aðstoðar nokkurra gestasöngvara.
15:25 Running Mates *(Í framboði)* Gamansöm sjónvarpsmynd um forsetakosningar í Bandaríkjunum. Ríkisstjórinn James Reynolds Pryce á sér það markmið að komast til valda í Hvíta húsinu en leiðin þangað er þyrnum stráð. *Aðalhlutverk: Tom Selleck, Laura Linney, Nancy Travis, Teri Hatcher.*
16:50 Ruby Wax´s Commercial
17:15 Sjálfstætt fólk.
17:45 Oprah Winfrey
18:30 Friends
18:54 Lottó
19:00 Fréttir Stöðvar 2
19:30 Friends
20:00 The Time Machine *(Tímavélin)* Ævintýramynd, gerð eftir sögu H.G. Wells. Vísinda- og uppfinningamaðurinn Alexander Hartdegen er þess fullviss að hægt sé að ferðast aftur í tímann. Það er ætlun hans en með því vill hann breyta atburðum fortíðarinnar. Hartdegen hefst handa og brátt er tímavélin tilbúin en útreikningar vísindamannsins bregðast og hann ferðast þúsundir ára fram í tímann. *Aðalhlutverk: Guy Pearce, Mark Addy, Phyllida Law.*
21:40 Panic Room *(Öryggisherbergið)* Spennutryllir af bestu gerð. Meg er nýskilin og er að koma sér fyrir í stóru húsi í New York ásamt ungri dóttur sinni, Söru. Á sama tíma er hópur manna að undirbúa innbrot í húsið til að sækja fjármuni sem þar eru faldir. Óþokkarnir láta til skarar skríða en mæðgurnar vakna og leita skjóls í öruggasta herberginu í húsinu. Þar með hefst nótt sem enginn gleymir í bráð. *Aðalhlutverk: Jodie Foster, Kristen Stewart, Forest Whitaker, Jared Leto.*
23:35 American Me *(Ameríkaninn)* Mögnuð saga sem spannar þrjátíu ára tímabil í lífi suður-amerískrar fjölskyld u í austurhluta Los Angeles-borgar. Fylgst er með ferli síbrotamannsins Santana sem lendir ungur á bak við lás og slá en stofnar mafíu í Mexíkó. *Aðalhlutverk: Edward James Olmos, William Forsythe, Pepe Serna.*
01:40 Running Mates *(Í framboði)* Gamansöm sjónvarpsmynd um forsetakosningar í Bandaríkjunum. Ríkisstjórinn James Reynolds Pryce á sér það markmið að komast til valda í Hvíta húsinu en leiðin þangað er þyrnum stráð. *Aðalhlutverk: Tom Selleck, Laura Linney, Nancy Travis, Teri Hatcher.*
03:10 Waking the Dead *(Minningar)* Óvenjuleg kvikmynd um ástir og örlög. Árið 1973 var Fielding Pierce í laganámi og ástfangin upp fyrir haus. Hann og Sarah Williams áttu sameiginlega framtíð en þegar hún lést með hörmulegum hætti var hann óhuggandi. Mörgum árum síðar er Fielding í kosningabaráttu þegar minningar um unnustuna fara að sækja mjög sterkt á hann. Hann er þessu alls óviðbúinn og veit ekki hvað hann á til bragðs að taka. *Aðalhlutverk: Billy Crudup, Jennifer Connelly, Molly Parker.*
04:55 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 12. október

08:00 Barnatími Stöðvar 2
11:30 Mótorsport 2003
12:00 Neighbours
13:45 60 mínútur
14:30 Lífsaugað (e)
15:05 Grizzly Falls *(Í bóli bjarnar)* Heillandi kvikmynd um drenginn Joshua og ævintýri hans. Stráksi lendir í klónum á bjarndýri en viðskipti þeirra taka óvænta stefnu. Bjarndýrið virðist ekki hafa neitt illt í hyggju en ætlar samt ekki að láta mannfólkið vaða yfir sig. *Aðalhlutverk: Tom Jackson, Bryan Brown, Oliver obias, Richard Harris.*
16:35 Ruby Wax´s Commercial
17:05 Strong Medicine
17:50 Oprah Winfrey
18:35 Friends
19:00 Fréttir Stöðvar 2
19:30 60 mínútur
20:20 Sjálfstætt fólk
20:55 Trust
21:50 Six Feet Under
22:45 Curb Your Enthusiasm
23:15 The Job
23:40 Idol-Stjörnuleit (e)
00:30 Wit *(Óbuguð)* Dramatísk kvikmynd um konu sem verður að endurskoða líf sitt. Vivian Bearing er prófessor í ensku og starfið er henni allt. En svo fær hún þær slæmu fréttir að hún sé komin með krabbamein. Þetta er að vonum mikið áfall og hún verður að forgangsraða hlutunum upp á nýtt. Byggt á leikriti eftir Margaret Edson. *Aðalhlutverk: Emma Thompson, Christopher Lloyd, Eileen Atkins, Audra McDonald.*
02:10 Tónlistarmyndbönd

www.syn.is

Föstudagur 10. október

18.00 Olíssport
18.30 Trans World Sport
19.30 Football Week UK
20.00 Gillette-sportpakkinn
20.30 Western World Soccer Show
21.00 UEFA Champions League
21.30 Fastrax 2002
22.00 Mótorsport 2003
22.30 Nickel Ride *(Freistingar smákrimma)* Glæpamynd sem gerist í Los Angeles. Cooper hefur lyklavöldin að vöruhúsi þar sem þjófar geyma ránsfeng sinn. Þetta er ábyrgðarhlutverk og freistingin mikil. Hann er ekkert góðmenni en er hann nógu mikill skúrkur til þess að bjóða starfsbræðrum sínum birginn? *Aðalhlutverk: Bo Hopkins, Victor French, Jason Miller, Linda Haynes*
00.10 Thursday *(Fimmtudagur)* Eiturlyfjasali í Los Angeles ákveður að snúa baki við glæpaheiminum og flytur til Houston, giftist og fer að vinna sem fasteignasali. En gamlir kunningjar koma brátt í heimsókn og fyrr en varir er frið-

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Hvað er að ske? Á helginni
9. okt. - 13. okt.

Háskólabíó

Freaky Friday

Stórkostleg gamanmynd sem er búin að gera allt sjóðvitlaust í USA með Jamie Lee Curtis og Lindsay Lohan í aðalhlutverkum.

Sunnudag kl 5
Sunnudag kl 8
Mánudag kl 8

Öll vinsælasta tónlistin frá 1980 - 1990

Sjallinn

Laugardagskvöld frá kl. 24-03

Stanslaust stuð frá 24.00 - 03.00

Allir velkomnir!!!Mætið snemma

Rúnar Þór og Örn Jóns

SKEMMTA Í KRÚSINNI Á FÖSTUDAGSKVÖLD OG LAUGARDAGSKVÖLD 11- 03

urinn úti. *Aðalhlutverk: Mickey Rourke, Paulina Porizkova, Thomas Jane, Aaron Eckhart.*
01.35 Body of Love *(Ástarfjötrar)* Erótísk kvikmynd.
03.00 Dagskárlok-Bíórásin

Laugardagur 11. október

14.30 Trans World Sport
15.30 Fastrax 2002
16.00 Spænsku mörkin
16.50 EM 2004. Bein útsending frá leik ***Tyrklands*** og ***Englands*** í 7. riðli. Bein útsending frá leik Tyrklands og Englands í 7. riðli. **18.54 Lottó**
19.00 Toppleikir
20.50 Muhammad Ali - Through the *(Meistarinn Muhammad Ali)* Heimildamynd í tveimur hlutum um Muhammad Ali, einn þekktasta íþróttamann sögunnar. Ali, sem fagnaði sextugsafmæli sínu á síðasta ári, er talinn fremsti hnefaleikakappi allra tíma. Hann vann marga glæsta sigra í hringnum en var jafnan mjög umdeildur fyrir skoðanir sínar.
21.50 Erik Morales - Guty Espadas Útsending frá hnefaleikakeppni í Los Angeles. Á meðal þeirra sem mætast eru fjaðurvigtarkapparnir Erik Morales og Guty Espadas.
00.20 The Hot Rock *(Demantsránið)* Þriggja stjarna glæpamynd á léttum nótum. John Archibald Dortmunder og tveir félagar hans ætla að stela demanti frá virtu listasafni og koma aftur í hendur réttra eigenda, íbúum lítils lands í Afríku. *Aðalhlutverk: George Segal, Robert Redford, Ron Leibman.*
02.00 Unconscious. *(Öngvit)* Erótísk kvikmynd.
03.25 Dagskárlok-Bíórásin

Sunnudagur 12. október

12.30 EM 2004 (Tyrkland - England) Útsending frá leik Tyrklands og Englands í 7. riðli.
14.30 Erik Morales - Guty Espadas Útsending frá hnefaleikakeppni í Los Angeles. Á meðal þeirra sem mætast eru fjaðurvigtarkapparnir Erik Morales og Guty Espadas. Áður á dagskrá 11. október 2003.
16.40 Meistaradeildin í handbolta. Bein útsending frá leik ***Hauka*** og ***Barcelona*** í B-riðli.
18.20 US Masters 2003 *(Bandaríska meistarakeppnin)* Útsending frá síðasta keppnisdegi bandarísku meistarakeppninnar í golfi, US Masters, en leikið var á Augusta National vellinum í Georgíu. Allra augu beindust að Mike Weir, óþekktum kylfingi, sem virtist ætla að skrá nafn sitt á spjöld sögunnar.
20.00 NFL. Bein útsending frá leik ***Denver Broncos*** og ***Pittsburgh Steelers.***
23.10 UEFA Champions League
23.40 Mercy *(Miskunn)* Catherine Palmer er lögregluforingi sem vinnur við rannsókn á morðum þar sem hin lausláta Vickie kemur ætíð við sögu. Vickie hafði átt í ástarsambandi við öll fórnarlömbin og er Catherine kemst í kynni við þetta tálkvendi laðast hún ósjálfrátt að henni. Hörkuspennandi erótískur tryllir! *Aðalhlutverk: Ellen Barkin, Julian Sands, Wendy Crewson, Peta Wilson.*
01.35 Fever *(Heitt í kolunum)* Listakennarinn Nick Parker býr í leiguíbúð þar sem hann eyðir kvöldunum í að mála. Nótt eina heyrir hann umgang á hæðinni fyrir ofan og undrast það mjög. Leigusalinn hafði tjáð Nick að sá hluti hússins væri ekki leigður út. Nick heilsar upp á "óboðna" gestinn en hugsar ekki frekar um hann fyrr en leigusalinn er myrtur en þá hitnar heldur betur í kolunum. *Aðalhlut-verk: David O´Hara, Henry Thomas, Teri Hatcher.*
03.05 Dagskárlok-Bíórásin

www.s1.is

Föstudagur 10. október

17:30 Dr. Phil McGraw
18:30 Popppunktur (e) Spurninga- og skemmtiþátturinn Popppunktur sameinaði fjölskyldur landsins fyrir framan viðtækin síðasta vetur. Þeir dr. Gunni og Felix hafa setið sveittir við að búa til enn fleiri og kvikindislegri spurningar sem þeir ætla að leggja fyrir þá fjölmörgu poppara sem ekki komust að í fyrra. Bryddað verður upp á ýmsum nýjum og umhverfið „poppað" upp. Það má búast við gríðarlegri spennu í vetur.
19:30 Malcolm in the Middle. Frábærir þættir um ofvitann Malcolm og snarklikkaða fjölskyldu hans. Rifjaðu upp kynnin við hinn unga Malcolm.
20:00 Grounded for Life. Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venjuleg en hjónin Sean og Claudia gera sitt besta til að gera börnin sín þrjú að heiðvirðum borgurum með aðstoð misjafnlega óhæfra ættingja sinna… Sprenhlægilegir gamanþættir um fjölskyldulíf í víðara samhengi.
20:30 According to Jim. Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims og gerir það með stæl. Ekkert virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir það hefur honum á undraverðan hátt tekist að koma sér upp glæsilegri konu og myndarlegum börnum.
21:00 Meet my Folks
22:00 Djúpa laugin. Undanfarin tvö ár hefur verið auglýst eftir nýju umsjónarfólki hins sívinsæla stefnumótaþáttar með frábærum árangri. Nokkur pör hafa fengið að spreyta sig í beinni útsendingu og í sumar brá svo við að ómögulegt var að gera upp á milli þriggja efnilegra stjórnenda! Það verða því þrír sundlaugarverðir sem skiptast á að stefna fólki á óvissustefnumót í beinni útsendingu í vetur og markmiðið er að búa til fleiri börn!
23:00 Malcolm in the Middle (e) Glænýjþáttaröð um æringjann Malcolm sem ódum vex hýjungur.
23:30 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.
00:00 Kingpin (e) Frábærir spennuþættir í sex hlutum um mexíkóska eiturlyfjamafíu sem stundar smygl á dópi yfir landamærin til Bandaríkjanna. En landamæra- og laganna verðir eru ekki endilega helsta vandamál glæpamannanna því stemmningin innan hópsins er ekki alltaf sem best...
00:50 Dragnet (e)
01:40 Dr. Phil McGraw (e)

Laugardagur 11. október

12:30 Jay Leno (e) Jay Leno er ókrýndur konungur spjallþáttanna. Leno leikur á alls oddi í túlkun sinni á heimsmálunum og engum er hlíft. Hann tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glóðvolgir frá NBC - sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Maður á mann (e) Sigmundur Ernir Rúnarsson er einn reyndasti og fjölæfasti fjölmiðlamaður landsins og kemur sterkur til leiks á SKJÁEINUM. Maður á mann er beinskeittur viðtalsþáttur þar sem Sigmundur Ernir fær til sín þjóðþekkta einstaklinga í ítarlega yfirheyrslu um líf þeirra og störf, viðhorf og skoðanir. Með hnitmiðuðum innslögum kafar hann dýpra en gert í „venjulegum" viðtalsþáttum og sýnir áhorfendum nýjar hliðar af gestum þáttarins með aðstoð vina og fjölskyldu viðmælandans. Ekki búast við drottningarviðtölum, silkihanskarnir verða hvergi sjáanlegir og Sigmundur Ernir hvergi banginn.
15:00 Dragnet (e)
16:00 Djúpa laugin (e) Undanfarin tvö ár hefur verið auglýst eftir nýju umsjónarfólki hins sívinsæla stefnumótaþáttar með frábærum árangri. Nokkur pör hafa fengið að spreyta sig í beinni útsendingu og í sumar brá svo við að ómögulegt var að gera upp á milli þriggja efnilegra stjórnenda! Það verða því þrír sundlaugarverðir sem skiptast á að stefna fólki á óvissustefnumót í beinni útsendingu í vetur og markmiðið er að búa til fleiri börn!
17:00 Survivor - Pearl Islands (e) Sjöunda þáttaröð hinna geysivinsælu veruleikaþátta SURVIVOR. Nú fer keppnin fram á Pearl Islands, sem liggja utan við Panama og stefnir í svakalega spennu.
18:00 Fólk – með Sirrý (e) Fólk með Sirrý verður á sínum stað í vetur og fjölbreyttur sem aldrei fyrr. Þátturinn hefur fest sig í sessi sem einn vinsælasti vettvangur líflegrar umræðu um málefni líðandi stundar, enda er Fólki ekkert mannlegt óviðkomandi.
19:00 According to Jim (e) Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims og gerir það með stæl. Ekkert virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir það hefur honum á undraverðan hátt tekist að koma sér upp glæsilegri konu og myndarlegum börnum.
19:30 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.
20:00 Malcolm in the Middle. Frábærir þættir um ofvitann Malcolm og snarklikkaða fjölskyldu hans. Rifjaðu upp kynnin við hinn unga Malcolm.
20:30 Everybody Loves Raymond. Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna. Hér er á ferðinni allra fyrsta þáttaröðin um Raymond og fjölskyldu.
21:00 Popppunktur. Spurninga- og skemmtiþátturinn Popppunktur sameinaði fjölskyldur landsins fyrir framan viðtækin síðasta vetur. Þeir dr. Gunni og Felix hafa setið sveittir við að búa til enn fleiri og kvikindislegri spurningar sem þeir ætla að leggja fyrir þá fjölmörgu poppara sem ekki komust að í fyrra. Bryddað verður upp á ýmsum nýjum og umhverfið „poppað" upp. Það má búast við gríðarlegri spennu í vetur.
22:00 Keen Eddie (e) Spæjarinn Eddie er gerður útlægur frá starfi sínu í Bandaríkjunum og sendur í til starfa í Bretlandi. Þar lendir hann í hremmingum af ýmsum toga og fær tækifæri til að sína ótvíræða hæfileika sína til rannsóknarstarfa. Bandarísk spenna og breskur húmor!
22:50 The Bachelor 3 (e) Sjarmatröllið og ástarpungurinn Andrew Firestone er þriðji piparsveinninn til að leita sér kvonfangs í beinni útsendingu. Andrew er hinn álitlegasti sveinn og á í mesta basli við að gera upp hug sinn til þeirra 25 kvenna sem girnast hann og hjólbarðaauðinn.
23:40 Meet my Folks (e)
00:50 Law & Order (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.

Sunnudagur 12. október

12:30 Jay Leno (e) Jay Leno er ókrýndur konungur spjallþáttanna. Leno leikur á alls oddi í túlkun sinni á heimsmálunum og engum er hlíft. Hann tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glóðvolgir frá NBC - sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Dateline (e) Dateline er margverðlaunaður, frétttaskýringaþáttur á dagskrá NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi. Stjórnendur þáttarins eru allir mjög þekktir og virtir fréttamenn eins og Tom Brokaw, Stone Phillips og Maria Shriver.
15:00 Queer eye for the Straight Guy Samkynhneigðar tískulöggur gefa einhleypum, gangkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu...
16:00 Judging Amy (e)
17:00 Innlit/útlit (e)
18:00 The Bachelor 3 (e)
19:00 Malcolm in the Middle (e)
19:30 Grounded for Life (e)
20:00 Keen Eddie. Spæjarinn Eddie er gerður útlægur frá starfi sínu í Bandaríkjunum og sendur í til starfa í Bretlandi. Þar lendir hann í hremmingum af ýmsum toga og fær tækifæri til að sína ótvíræða hæfileika sína til rannsóknarstarfa. Bandarísk spenna og breskur húmor!
21:00 The Practice
22:00 Maður á mann
22:50 Popppunktur (e)
23:50 Atvinnumaðurinn (e)

Sælkerar vikunnar

eru Aðalheiður Jóhannsdóttir og Tumi Þór Jóhannsson á Ísafirði

Núðlur með kjúklingi og Newburg humarsúpa

Okkur þykja núðlurnar handhægar og góðar en humarsúpan er að sjálfsögðu algjört lostæti. Í núðluréttinn finnst okkur þægilegast að nota tilbúnar núðlur úr pakka því þar fylgir kryddið með og við notum það allt saman. Verði ykkur að góðu.

3-4 kjúklingabringur
¼ dós sýrður rjómi
2 tsk karrý
salt og pipar

Hrærið karrý og sýrðan rjóma saman í lög. Skerið kjúklinginn niður í litla bita og látið hann liggja í leginum í 2-3 tíma. Þó þarf ekki svo langan tíma ef einhver er að flýta sér eins og oft gerist á þessu heimili. Kjúklingurinn er síðan steiktur á pönnu.

½ rauð paprika
½ appelsínugul paprika
½ græn paprika
10 stórir sveppir
1½ rauðlaukur
3 pakkar núðlur

Saxið grænmetið í stóra sem smá bita, eftir smekk hvers og eins. Steikið á pönnu. Sjóðið núðlurnar meðan grænmetið er að steikjast. Að lokum er allt sett á pönnu og blandað vel saman. Bætið við salti og pipar eftir smekk.

Newburg humarsúpa

50 g smjör
2 saxaðir laukar

1 msk hveiti
½ tsk salt
1/8 tsk paprika
1/8 tsk cayenne pipar
4 dl rjómi
2 eggjarauður
500 g skelflettur humar
2 tsk sherry eða madeira

Látið smjörið bráðna í potti. Bætið lauknum út í og leyfið honum að krauma þar til hann verður mjúkur og glær. Bætið út í hveiti, salti, papriku og cayenne piparnum og blandið vel saman. Humarinn er næstur út í og þá er suðan látin koma upp. Því næst eru eggin slegin í sundur. Bætið smávegis af heitri sósu út í og hrærið saman áður en eggin fara í pottinn.

Lokaspretturinn er að bæta áfenga innihaldinu út í og hita að suðu. Hrærið vel og passið að það sjóði ekki.

Þessi súpa er mjög góð ein og sér en einnig getur verið mjög gott að hrísgrjón eða baguette með.

Við skorum á Ólöfu Hildi Gísladóttur og Róbert unnusta hennar að koma með næstu uppskrift.

Myndas
X:\CD_
10\02.1
Heida

spurningin

Finnst þér hvalkjöt gott?

Alls svöruðu 443.
Já sögðu 278 eða 63%
Þolanlegt sögðu 52 eða 12%
Nei sögðu 71 eða 16%
Hef aldrei smakkað það sögðu 42 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Kostnaður við framkvæmdir við íþróttasvæðið við Torfnes á langt um meiri en rætt var um í upphafi

Heildarkostnaður nemur rúmum 90 milljónum króna

Kostnaður við framkvæmdir við íþróttasvæðið á Torfnesi á Ísafirði, sem unnið var að í tengslum við Unglingalandsmót UMFÍ í sumar, er kominn í 90 milljónir króna. Þetta er margföld sú upphæð sem rætt var um þegar mótshaldið var kynnt í upphafi. Þessi framkvæmd var ekki á fjárhagsáætlun ársins hjá Ísafjarðarbæ.

Í frétt sem birtist á bb.is þann 23. janúar á liðnum vetri segir Björn Helgason, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, að ekki séu gerðar kröfur um sérstakar nýframkvæmdir vegna fyrirhugaðs unglingalandsmóts UMFÍ. „Við getum látið þetta rúlla hér. Það verða einhverjar tilfæringar í kringum Torfnesið en ekkert stórtækt“, sagði Björn og gat þess að eingöngu yrði keppt á Ísafirði á þessu landsmóti.

Björn sagði í umræddu viðtali að framkvæmd landsmótsins myndi ekki hafa áhrif á þá forgangsröðun verkefna sem mótuð hafi verið innan Ísafjarðarbæjar. „Það liggur fyrir að það verða minniháttar lagfæringar í kringum mótið en þau forgangsverkefni sem er verið að tala um núna eru gervigrasvöllur á Torfnesi og íþróttaaðstaða á Suðureyri“, sagði Björn í áðurnefndri frétt.

Í frétt á bb.is þann 4. mars er sagt frá hugmyndum forsvarsmanna Boltafélags Ísafjarðar um uppbyggingu á Torfnesi. Er þar rætt um gerð gervigrasvallar og þar rætt um völl með steyptu undirlagi og hitalögnum og talið að hann myndi kosta um 40 milljóir króna.

Hinn nýi og glæsilegi gervigrasvöllur á Torfnesi.

Í framhaldi af þessu ákvað bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að bjóða út gerð gervigrasvallar án hitalagna. Var verkið boðið út í apríl og voru tilboð þau sem tekið var samtals að upphæð rétt tæpar 47 milljónir króna.

Í maímánuði var síðan auglýst eftir tilboðum í gerð frjálsíþróttasvæðis við grasvöllinn á Torfnesi. Einn aðili bauð í verkið, rúmar níu milljónir króna.

Útboðsverkin voru því samtals að upphæð um 56 milljónir króna.

Unglingalandsmótið var síðan haldið með eftirminnilegum glæsibrag um verslunarmannahelgina.

Nú er ljóst að heildarkostnaður við framkvæmdir á Torfnesi er kominn í 90 milljónir króna, að sögn Þóris Sveinssonar fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar. Í fjárhagsáætlun ársins var ekki gert ráð fyrir þessum framkvæmdum og verður verkið því að koma inn í endurskoðun fjárhagsáætlunar sem nú stendur yfir.

– hj@bb.is

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir þetta ár verulega röskuð

Mest munar um íþróttamannvirki

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er komin langt fram úr áætlun, eftir því sem fram kemur í skýrslu Þóris Sveinssonar fjármálastjóra sem lögð var fram fyrir stuttu. Þar ræður mestu að framkvæmdir hafa verið miklu meiri en áætlað var. Einnig hafa útsvarstekjur einstaklinga í Ísafjarðarbæ lækkað á milli ára um tæp 2% en aðrar skatttekjur eru á áætlun. Endurskoðun fjárhagsáætlunar þessa árs hjá Ísafjarðarbæ stendur nú yfir.

Í skýrslunni kemur fram, að framlegð frá rekstri eftir fjárfestingar var neikvæð um 96 milljónir króna fyrstu sjö mánuði þessa árs, samanborið við jákvæða framlegð upp á 61 milljón á sama tíma í fyrra.

– hj@bb.is

Ný flugvél (en þó 45 ára gömul) bætist í flugflota Ísfirðinga

Gamall og góður vinnuhestur

Nokkrir flugáhugmenn á Ísafirði hafa fest kaup á fjögurra sæta vél af gerðinni Piper Tripacer og kom hún til Ísafjarðar á föstudag. Vélin er af árgerðinni 1958 en þykir bera aldurinn vel enda er reglulega skipt um helstu íhluti flugvéla. Tripacer er „gamall og góður vinnuhestur“ eins og einn flugkappana komst að orði. Vélar af þessari tegund hafa verið í þjónustu Íslendinga um árabil og þótt gefa góða raun.

Undanfarin misseri hafa flugkennarar haldið námskeið á Ísafirði og hefur myndast nokkur kjarni nýbakaðra einkaflugmanna. Ætlunin er að stofna sérstakt félag um rekstur vélarinnar sem verði opið fyrir þátttöku flugáhugamanna. Algengt er að starfrækt séu nokkurs konar samlög um rekstur einkaflugvéla.

Vélin ber einkennisstafina TF-SUE og göntuðust flugkapparnir með að tilvalið væri að nefna eignarhaldsfélag vélarinnar „Flugfélagið Dallas“, til heiðurs Sue Ellen, einni af aðalpersónum sjónvarpsþáttanna Dallas. Á meðfylgjandi mynd sjást nokkrir af hluthöfum „Flugfélagsins Dallas“ sem tóku á móti vélinni á Ísafjarðarflugvelli.

– kristinn@bb.is

Halldóra Þórðardóttir, Sævar Hjörvarsson, Karl Einarsson og Úlfur Úlfarsson við „nýju“ vélina. Á innfelldu myndinni sést vélin sjálf.

Súðavík

Nýtt byggðarmerki

Fyrir nokkru var ákveðið að breyta byggðarmerki Súðavíkurhrepps og hefur nýja merkið nú verið tekið í notkun. Það er byggt á því gamla en bætt er við það gulri miðdegissól sem varpar skugga á Heiðnafell og sléttan Álftafjörðinn.

Upphaflega merkið teiknaði Dagbjört Hjaltadóttir í Súðavík. Hún teiknaði líka hið nýja og breytta merki.